



Mynd ársins 2017

Fagmennskan verðlaunuð!

- **Afmælisfagnaður** Blaðamannafélagsins
- **Upplýsingamengun** og blaðamennska
- **Blaðamannaverðlaun** ársins 2017



Stór stund í New York

- **Myndir á sýningu** saga fréttaljósmynda heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannréttindasáttmála. Eyrógu nema önnur veigarnir sjónmyndir. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gaumgæfilega athugun.
 - **Félagaskrá**
 - **Siðadómar**
- Í Goodwin málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. grein sáttmálans. Málavextir voru þeir að William Goodwin,



EFNÍ BLAÐSINS



Blaðamannaverðlaun

- 4** Tilnefningar dómnefndar
- 5** Rökstuðningur dómnefndar
- 6** Björn Vignir Sigurpálsson:
Blaðamannaverðlaun í 15 ár
- 8** Verðlaunahafar
- 9** Verðlaunamyndirnar

Félagið

- 14** Myndir á sýningu
- 18** Blaðamannafélagið 120 ára
- 19** Lúðvík Geirsson:
Ávarp í afmælisfagnaði Blaðamannafélagsins

Umræðan

- 22** Birgir Guðmundsson:
Hugleiðing um stöðu blaðamenskunnar
- 25** Konur í fjölmiðlum
- 26** Birgir Guðmundsson:
Baráttan við upplýsingamengun
- 30** Jóhannes Kr. Kristjánsson:
Stór stund í New York

Útgefandi: *Blaðamannafélag Íslands*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*

Útlitshönnun: *Ásprent*

Prentun: *Ásprent*

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

*Netfang **bi@press.is***

*Heimasíða **BÍ www.press.is***

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.

*Starfsmenn **BÍ** eru **Hjálmar Jónsson** formaður*

*og **Jóna Th. Viðarsdóttir** skrifstofustjóri.*



Síðadómar

- 34** Úrskurðir Síðanefndar

Blaðamannafélagið

- 41** Félagatal

Forsíðumyndina

*tók **Stefán Karlsson**. Myndin var valin
Mynd ársins 2017.*

Blaðamennska gegn upplýsingamengun

Lýðræðissamfélög samtímans standa nú á ákveðnum tímamótum. Þessi tímamót felast í upplýsingakreppu sem hefur áhrif á möguleika borgaranna til að móta sér skoðanir og taka með upplýstum hætti þátt í þróun samfélagsins. Upplýsingakreppan felst þó ekki í skorti á upplýsingum – raunar frekar ofgnótt þeirra – en fyrst og fremst felst hún þó í óvissu og efasemdum um gæði þess gríðarlega magns upplýsinga sem bylur á almenningi daginn út og daginn inn. Upplýsingar og upplýstir borgarar eru forsenda lýðræðislegrar þjóðfélagsskipunar og því má segja að þetta ástand vegi að rötum lýðræðisins. Þótt í grunninn sé þetta ástand ekki nýtilkomið þá er umfang þess nú orðið slíkt að ekki verður lengur komist hjá því að takast á við það og fjöldi ríkja, einkum í Evrópu, hefur nú ákveðið að gera eitthvað í málinu. Vandinn sem um ræðir er hin svokallaða upplýsingamengun (*disinformation*) eða falsfréttir. Það er kaldhæðni örlaganna að það skuli vera Donald Trump, sá einstaklingur sem hvað ötulast hefur reynt að grafa undan hefðbundinni blaðamennsku, sem dregið hefur athyglina að upplýsingamenguninni með notkun sinni á hugtakinu falsfrétt. Hvað nákvæmlega fellur undir það hugtak er hins vegar mjög óljóst og gagnlegra að halda sig við hugtakið upplýsingamengun. Samkvæmt nýrri skýrslu sérfræðinganeftdar ESB, þar sem Evrópusamband blaðamanna átti fulltrúa, má skilgreina upplýsingamengun sem „rangar, ónákvæmar eða villandi upplýsingar sem eru hannaðar, settar fram og kynntar gagngert í hagnaðarskygni eða til þess villa um fyrir almenningi.“ Eins og þessi skilgreining ber með sér, er upplýsingamengun því hugtak sem felur í sér fullkomna andstæðu þeirra upplýsinga sem byggðar eru á hefðbundinni, faglegri blaðamennsku. Í rauninni eru átakalínurnar því nokkuð skýrar, annars vegar mengaðar upplýsingar og hins vegar sannreyndar upplýsingar af faglegum blaðamönnum.

Þessi uppstilling kemur greinilega fram í áður nefndri skýrslu sérfræðinganeftdar ESB, og viðbrögðin þar eru einmitt að skjóta fleiri og traustari fótum undir hefðbundna faglega blaðamennsku og búa til það sem nefndin kallar sjálfbært vistkerfi fyrir fjölbreytta fréttamiðlun. Óneitanlega er hressandi að sjá að sérfræðingar sjálfs Evrópusambandsins eru farnir að tala um nauðsyn á ríkisstuðningi við fjölmiðlarekstur, þó ekki komi á óvart að samtök blaðamanna geri það. Hefðbundnir, ritstýrðir fjölmilar eru einfaldlega upplýsingakerfi lýðræðisins og til þess að það geti starfað edlilega þarf að tryggja rekstur þeirra með einhverjum hætti og skapa umhverfi fyrir sjálfstæða, faglega blaðamennsku. Þetta er undirtóninn sem augljós er í þessari nýju skýrslu, og þetta er jafnframt sá undirtón sem upp á síðkastið hefur verið að gera vart við sig hér á landi líka.

Þegar upp er staðið er fagleg og sjálfstæð blaðamennska lykillinginn að heilbrigðu samfélagi og það meðal sem líklegast er til að sporna við mengun upplýsingasamfélagsins. Fagleg viðmið má styrkja með ýmsum hætti, með blaðamanna- og ljósmyndaverðlaunum, og með umræðu um stöðu stéttarinnar, en þetta eru einmitt þættir sem komið er inn á í þessu tölublaði Blaðamannsins.

Birgir Guðmundsson

STJÓRN BLAÐAMANNNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, formaður
Óli Kristján Ármannsson, KOM, varaformaður
Helga Arnardóttir, RÚV
Ingveldur Geirsdóttir, Morgunblaðið
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur

Varamenn:

Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðið
Björn Jóhann Björnsson, Morgunblaðið
Jóhann Hlíðar Harðarson, RÚV

Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ
Óli Kristján Ármannsson, varaformaður BÍ
Guðni Einarsson, Morgunblaðið.
Jón Hákon Halldórsson, Visir
Kolbeinn Þorsteinsson, DV

Varamenn:

Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2
Guðjón Guðmundsson, Viðskiptablaðið
Guðmundur Bergkvist, RÚV

Siðanefnd:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður
Hjörtur Gíslason, varaformaður
Friðrik Þór Guðmundsson
Ásgeir Þ. Árnason
Róbert Haraldson

Varamenn:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Sigríður Arnadóttir

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður
Arndís Þorgeirsdóttir
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
Kári Jónasson
Svanborg Sigmarsdóttir

Menningar- og orlofshúsasjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Lúðvík Geirsson
Hilmar Karlsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Stjórn Styrktarsjóðs:

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður
Guðni Einarsson, Morgunblaðið
Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2

Varamenn:

Baldur Guðmundsson, Fréttablaðið
Hjálmar Jónsson, BÍ
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur

Skoðunarmenn reikninga:

Sigtryggur Sigtryggsson, Morgunblaðið
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Morgunblaðið

Kjörnefnd:

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður
Guðmundur Ólafur Ingvarsson
Kristján Hjálmarsson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið: Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir
DV: Kolbeinn Þorsteinsson
Stöð 2/Bylgjan: Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Birtingur: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Fréttablaðið: Baldur Guðmundsson
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson

Tilnefningar til blaðamannaverðlauna ársins 2017

Dórnefnd Blaðamannaverðlaunanna tilkynnir viku fyrir verðlaunaafhendingu um þrjár tilnefningar sínar til verðlauna í hverjum af þeim fjórum flokkum sem verðlaunin ná til en flokkarnir eru: Besta umfjöllun ársins 2017; Viðtal ársins 2017; Rannsóknarblaðamennska ársins 2017; Blaðamannaverðlaun ársins 2017.

Þau sem tilnefnd voru af dórnefnd í flokkunum fjórum eru eftirfarandi:

Viðtal ársins

Jóhann Páll Jóhannsson, Stundinni

Fyrir áhrifamikild viðtal við Sigurlaugu Hreinsdóttur, móður Birnu Brjánsdóttur, þar sem hún segir frá lífshlaupi dóttur sinnar, missinum, sorginni og viðbrögðum samfélagsins.

Júlía Margrét Alexandersdóttir, Morgunblaðinu

Fyrir einlægt viðtal við Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur þar sem hún lýsir aðkomu og eftirköstum þess að eiginmaður hennar, Sigursteinn Gunnarsson, svipti sig lífi árið 1997.

Viktoría Hermannsdóttir, RÚV

Fyrir viðtal við Árna Jón Árnason í þættinum *Á ég bróður á Íslandi?* Einstök og falleg innsýn í líf manns þegar hann fær þær fréttir að hann eigi hálfbróður og hittir í fyrsta sinn.

Rannsóknarblaðamennska ársins

Alma Ómarsdóttir, RÚV

Fyrir upplýsandi og heildstæða umfjöllun um hverjir hlutu uppreist æru, hverjir væru meðmælendur þeirra og áhrif uppreistarinnar á brotapolá.

Hörður Ægisson, Fréttablaðinu

Fyrir greinargóða umfjöllun um viðskipti með hlutafé í Arion banka, ekki síst áhrif kaupa þriggja vogunarsjóða í bankanum.

Ingi Freyr Vilhjálmsson, Jóhann Páll Jóhannsson og Jóhannes Kr. Kristjánsson, Stundinni

Fyrir afhjúpanði umfjöllun um viðskipti Bjarna Benedikts-

sonar og fjölskyldu hans og nán tengsl við Glitni í aðdraganda bankahruns.

Umfjöllun ársins

Jóhann Bjarni Kolbeinsson, RÚV

Fyrir greinargóða umfjöllun um átakanlegar aðstæður þeirra barna sem bjuggu á Kópavogshælinu á árunum 1952-1993, vanrækslu þeirra og ofbeldi sem þau voru beitt.

Kjartan Hreinn Njálsson, Stöð 2/365

Fyrir nýstárlega umfjöllun um CRISPR/Cas9-erfðatæknina og hvernig íslenskir vísindamenn beita henni til að prófa ný lyf og hvaða siðferðilegar spurningar tæknin vekur.

Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu

Fyrir að reifa skilmerkilega hvernig raforkuþurrð til náinnar framtíðar kallar á ákvarðanir um hvort draga þurfi úr notkun hennar eða virkja meira og ólík sjónarmið þar um.

Blaðamannaverðlaun

Magnús Halldórsson, Þórður Snær Júlíusson og Þórunn Elísabet Bogadóttir, Kjarnanum

Fyrir greinargóða umfjöllun um tillögur dómsmálaráðherra til Alþingis um skipan í stöður dómara við hið nýja dómstig Landsrétt.

Ritstjórn, Stundinni

Fyrir ítarlega umfjöllun um uppreist æru kynferðisbrota- manna, áhrif þess á fórnarlömb manna og tregðu stjórnvalda til upplýsingagjafar.

Sigríður Hagalín, RÚV

Fyrir upplýsandi umfjöllun um konur sem fengu mótmælendur fyrir utan heimili sín í kjölfar hrunsins og mismunandi viðhorf mótmælenda þegar þeir litu til baka.

Rökstuðningur dómnefndar

Konur voru áberandi meðal verðlaunahafar Blaðamannaverðlauna BÍ 2017. Verðlaunahafar voru Viktoría Hermannsdóttir sem átti Viðtal ársins, Alma Ómarsdóttir fékk verðlaun fyrir Rannsóknarblaðamennsku ársins, Sunna Ósk Logadóttir fyrir flokkinn Umfjöllun ársins og ritstjórn Stundarinnar fékk Blaðamannaverðlaun ársins. Rökstuðningur dómnefndar verðlaunanna var sem hér segir:

Viktoría Hermannsdóttir, RÚV,
fyrir viðtal við Árna Jón Árnason í þættinum *Á ég bróður á Íslandi?*

Viðtalsþáttur Viktoríu er unninn af fagmennsku og góðri tilfinningu fyrir efniviðnum. Í viðtalinu eru hlustendur teknir með í spennandi ferð sem hefst með leit Bandaríkjamannsins David Balsam að bróður sínum hér á landi. Bróðirinn finnst og heitir Árni Jón Árnason.

Í áhrifamiklu viðtali nær Viktoría að draga fram hægláta persónu Árna, sem ekki hefur krafist þess að taka mikið pláss í lífinu. Sambandi Árna við móður sína og systkini hér á landi er vel lýst, sem og áhrifum þess að alast upp sem ástandsbarn. Um þann hluta hernámsins á Íslandi hefur ekki verið mikið fjallað og er viðtalið frábær viðbót við hina vönduðu þáttaröð, Ástandsbörn, sem Viktoría gerði einnig á síðasta ári.

Alma Ómarsdóttir, RÚV,
fyrir rannsóknarblaðamennsku í umfjöllun um uppreist æru

Umfjöllun Ölmur um uppreist æru var heildstæð, þar sem allar hliðar málsins voru kannaðar. Rætt var við fulltrúa aðila sem sótt hafði um uppreist æru, konur sem brotið hafði verið gegn og aðstandendur þeirra og ferli umsóknar útskýrt.

Í samskiptum sínum við framkvæmdavaldið, sem ber ábyrgð á ferlinu, kom Alma hins vegar að lokuðum dyrum, þar sem neitað var að veita upplýsingar um hverjir hefðu fengið samþykktar umsóknir og hverjir veitt hefðu meðmæli með slíkum umsóknum. Ölmur tókst, meðal annars með kærni til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál, að tryggja að öll gögn kæmust upp á yfirborðið og dró þannig fram nýjar upplýsingar sem skiptu verulegu máli fyrir almenning.

Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu,
fyrir umfjöllun ársins með greinaflokknum *Mátturinn eða dýrðin*

Sunna varpaði skýru ljósi á þá stöðu sem uppi er á raforkumarkaði hér á landi. Í greinaflokknum Mátturinn eða dýrðin sést hvernig sífellt fleiri togast á um náttúruauðlindirnar sem eru af skörum skammti. Bent var á áhrif breyttra neysluvenja landsmanna með rafbílavæðingu og að eftirspurn fyrirtækja eftir raforku væri nú meiri en hægt er að afgreiða.

Um leið og þróun þessarar umræðu kom vel fram var bent á hvernig núverandi staða kallar á aðgerðir til að auka orkuframboð eða draga úr notkuninni. Sunna ræddi við tugi manna um stöðuna: íbúa, náttúruverndarsinna, virkjanaaðila, forsvarsmenn stofnana og aðra sem hafa hagsmuni og skoðanir á málinu. Málefnið er mikilvægt, framsetningin skýr og greinargóð, byggð á heimildum sem sóttar voru víða.

Ritstjórn Stundarinnar,
fær Blaðamannaverðlaun ársins fyrir umfjöllun um uppreist æru

Umfjöllun Stundarinnar um uppreist æru var vönduð, yfirgripsmikil og heildstæð. Samhliða ítarlegum fréttaskýringum birtust í upphafi umfjöllunarinnar áhrifarík viðtöl Áslaugar Karenar Jóhannsdóttur við fórnarlömb Róberts Downey sem sýndu mikla næmni fyrir umfjöllunarefninu.

Stundin lagði af mörkum mikla frumkvæðisvinnu í þessu máli og greindi fyrst miðla frá því að annar kynferðisbrota maður, Hjalti Sigurjón Hauksson, hefði fengið uppreist æru samtímis Róberti og að til þess hefði Hjalti hlotið meðmæli frá föður þáverandi forsætisráðherra. Sú uppljóstrun Stundarinnar átti eftir að draga verulegan dilk á eftir sér sem endaði með stjórnarslitum og kosningum.

Blaðamanna- verðlaun í 15 ár

– Ávarp Björns Vignis Sigurpálssonar, formanns dómnefndar

Ágætu félagar og aðrir góðir gestir.

Í fimmtánda skipti kemur fjölmiðla-
fólk saman vegna blaðamannaverð-
launa fyrir það sem þykir hafa verið
best gert í þeim fjórum flokkum sem
valið stendur um, þ.e. besta umfjöllun
ársins, rannsóknarblaðamennska árs-
ins, Blaðamannaverðlaun ársins og

viðtal ársins. Um alla þessa flokka
gilda sérstakar reglur en tímans
vegna er ekki hægt að tífunda þær
hér.

Fyrir fimmtán árum var ekki ein-
boðið að þessi verðlaun næðu að
festa sig í sessi. Sá sem kalla má
guðföður þessara verðlauna, Birgir

Guðmundsson, ritstjóri tímarits okkar,
Blaðamaðmannsins, segir frá því í
grein á tíu ára afmæli verðlaunanna
2013 að úrtöllum hafi verið margir
og talið að fjölmiðlasamfélagið á
Íslandi væri of lítið til að standa undir
verðlaunum af þessu tagi.

Nánast allt sem gert væri myndi þá



Björn Vignir Sigurpálsson ávarpar gesti við afhendingu Blaðamannaverðlauna BÍ.

verða sjálfkrafa verðlaunaefni og að svona lagað myndi lítið annað gera en ýta undir þá ímynd að blaðamenn væru sjálfhverfir, sjálfumglaðir og þætti ekkert skemmtilegra en að fjalla og skjalla hver annan.

Óhætt er að fullyrða, segir Birgir að þessi gagnrýni hafi reynst fullkomnlega óréttmæt. Og öfugt við það sem ýmsir hafi talið að verðlaun í þessum flokkum væri alltof mikið fyrir hið litla fjölmiðlasamfélag – þá hafi þótt ástæða til að fjölga flokkum og veita viðurkenningu í flokknum „Viðtal ársins“.

Þetta er ritað fyrir 5 árum. Viðtala-flokkurinn hefur blómstrað síðan þá og hefur stundum á síðustu árum

verið sá sem tekur mestan tíma dómnefndarmanna.

Í ár hafa hugmyndirnar að tilnefningum sem dómnefndinni hafa borist verið eins og oftast margs konar en mál málanna hverju sinni eru óneitanlega það sem er efst á baugi í þjóðfélagssumræðunni – svo sem um Landsdóm, uppreist æru, metoo byltinguna, Glitnismál og lögbannið svo fátt eitt sé nefnt. Í þessum málum öllum hafa fjölmiðlarnir látið til sín taka með einum eða öðrum hætti.

Nú, ég heiti Björn Vignir Sigurpálsson er formaður dómnefndar en félagar mínir í nefndinni munu hér á eftir leiða fram sigurvegara í hverjum flokkanna fjögurra. En áður en að því

kemur er rétt að ítreka að í hugum dómnefndarmanna ríkir fullkomið jafnræði milli flokkanna, enginn er öðrum merkilegri eða æðri, og það eitt að vera tilnefndur í einhvern flokkanna er sannur heiður og til marks um góð og öguð vinnubrögð.

Jafnframt er rétt að ítreka að nefndarmenn huguðu sérstaklega að hæfi sínu eða vanhæfi þegar tilefni þótti til og sögðu sig frá einstökum hugmyndum að tilnefningum þegar ástæða þótti til.

En nú er komið að veitingu verðlauna: Arndís Þorgeirsdóttir, Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, Svanborg Sigmarsdóttir og Kári Jónasson, gjörð svo vel að taka við.



Verðlaunahafar blaðamannaverðlauna 2017. F.v. Jón Reynir Traustason ásamt dóttur sinni, Áslaug Karen Jóhannsdóttir og Ingibjörg Kjartansdóttir frá Stundinni, Alma Ómarsdóttir, Viktoria Hermannsdóttir og Sunna Ósk Logadóttir.



Verðlaun fyrir myndir ársins

Myndir ársins, sýning íslenskra blaðaljósmyndara var að þessu sinni opnuð í Esju, austurhluta Hörpu í byrjun marsmánaðar. Við opnunina voru nokkrum ljósmyndurum veitt verðlaun fyrir bestu myndir ársins 2017. Veitt voru verðlaun í 7 flokkum auk bestu myndar ársins. Mynd ársins 2017 tók Stefán Karlsson, ljósmyndari Fréttablaðsins og er það mynd af Nínu Rún Bergsdóttur sem situr í stól húðflúrara sem er að flúra „I am the storm“ á öxl Nínu. Hún er þar ásamt konum sem allar fengu sér sama húðflúrið og höfðu allar orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu sama manns. Myndin er á margan hátt táknræn fyrir árið 2017 því reynsla þeirra kom af stað hreyfingu sem fékk heitið „Höfum hátt“.

Aðrir ljósmyndarar sem voru verðlaunaðir voru Eyþór

Árnason sem átti bestu mynd í fréttaflokki, Heiða Helgadóttir sem átti myndröð ársins og portrait ársins, Kristinn Magnússon sem átti bestu íþróttamynd ársins, Hörður Sveinsson sem tók bestu umhverfismynd ársins, Heiðdís G. Gunnarsdóttir sem fangaði bestu mynd í flokki daglegs lífs og Aldís Pálsdóttir sem tók tímaritamynd ársins 2017.

Sjö dómara völdu 105 myndir á sýninguna í ár úr 732 innsendum myndum íslenskra blaðaljósmyndara. Þeir völdu þar að auki sigurmynd í hverjum flokki og mynd ársins. Dómnefndina í ár skipuðu Auðunn Nielsson, Helga Laufey Guðmundsdóttir, Gígja Einarsdóttir, Gunnar Sverrisson, Valdimar Thorlacius, Þórdís Erla Ágústsdóttir og sænski fréttaljósmyndarinn Paul Hansen sem jafnframt var formaður dómnefndar.



Vinningshafar fyrir myndir ársins sjást hér í Hörpu við opnun sýningarinnar.

Verðlaunamyndirnar 2017



Ljósmyndari:
Stefán Karlsson,
ljósmyndari Fréttablaðsins



Ljósmynd ársins



Glódís Tara, Nína Rún Bergsdóttir, Anna Katrín Snorradóttir og Halla Ólöf Jónsdóttir, fórnarlömb Róberts Downeys, fá sér allar sams konar húðflúr.



Umsögn dómnefndar:

Ekki er annað að sjá en að hér sé eitthvað alvanalegt að gerast. Húðflúr sem ristir ekki djúpt. Vinkonur saman. Það er þó víðsfjarri öllum sanni og myndin er á margan hátt táknræn fyrir árið 2017. Konurnar, Anna Katrín Snorradóttir, Glódís Tara, Halla Ólöf Jónsdóttir og Nína Rún Bergsdóttir, urðu allar fyrir kynferðislegri misnotkun af hendi sama manns. Reynsla þeirra kom af stað hreyfingu sem fékk heitið „Höfum hátt“ sem ásamt öðru varð til þess að ríkisstjórn landsins féll. Ljósmyndarinn hefur fangað viðkvæma stund. Fjórar manneskjur að tengjast eilífum böndum, sem fórnarlömb og sem aðgerðasinnar. Nína Rún Bergsdóttir og stoðirnar hennar þrjár allar að fá sér sama húðflúrið: „I am the storm“. Myndræn samfélagsleg straumhvörf.



Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:

Eyþór Árnason,
ljósmyndari
Fréttablaðsins.

Leitin að Birnu Brjánsdóttur.



Umsögn dómnefndar:

Birnu Brjánsdóttur var leitað um afar víðáttumikið svæði – svo stórt var það að leitarfólkið virðist agnarsmátt andspænis eilífðinni. Myndmál ljósmyndarans, sem aðeins er lágvært hvísl, bergmálar sem örvæntingarfullt óskur í auðninni. Stundum verður það sem vantar í myndina einmitt augljósasti punkturinn í henni.

Daglegt líf – mynd ársins



Ljósmyndari:

Heiðís Guðbjörg
Gunnarsdóttir,
ljósmyndari Birtings



Móðir gefur fjögurra daga gömlu barni brjóst og stóri bróðir passar upp á móður sína.



Umsögn dómnefndar:

Hér hefur tekist að fanga eitt af undrum hversdagsleikans. Fjarri venjulegum öfgum blaðaljósmynda skynjum við hér kjarna mannlegrar tilveru. Svona er lífið. Þessi friðsæla mynd snertir okkur í hjartastað og fær okkur til að brosa hið innra.

Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:

Kristinn Magnússon,
ljósmyndari Morgunblaðsins



Ísland skorar eitt af átta mörkum í 8-0-sigri.



Umsögn dómnefndar:

Eitt af öflugustu fótballaliðum heims skorar mark fyrir tónum áhorfendastúkum. Það hlutskipti þekkir kvennalandsliðið í fótbolta ofurvel. Ljósmyndin er táknræn fyrir þann ójöfnuð sem ríkir milli kynjanna í íþróttahiminum. Þetta er nýtt sjónarhorn, íþróttamynd með pólitíska tilvísun.

Portraitmynd ársins



Ljósmyndari:

Heiða Helgadóttir,
ljósmyndari
Stundarinnar og
sjálfstætt starfandi

„Hann vildi fá að deyja meðan hann vissi enn hver hann var.“ Sylviane Lecoultré Pétursson studdi eignmann sinn Steinar Pétursson þegar hann fór til Sviss að fá dánaradstoð eftir að hafa greinst með illkynja heilæxli.



Umsögn dómnefndar:

Sorgin – sýnd með sjónrænum hætti. Sagan af Sylviane Lecoultré Pétursson og eignmanni hennar. Ljósmyndarinn dregur fram líkamstjáningu og svipbrigði Sylviane í ljóðrænni birtu sem varpar daufum skugga á vegginn, táknrænum skugga fyrir það sem ekki lengur er. Eiginmaður hennar bardist við krabba-mein og valdi að fara til Sviss til að enda líf sitt.

Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:
Hörður Sveinsson,
sjálfstætt starfandi

Kirkjufell.



Umsögn dómnefndar:

Það er ekki að undra að enska orðið fyrir ljósmyndun, photography, býðir bókstaflega „að skrifa með ljósi“. Kirkjufell, hið þekkt og margmyndaða fjall, birtist oft en ekki þannig að ímyndunaraflinu er gefinn laus taumur. Myndina má túlka á ólíka vegu. Hún býður dulúðinni heim.

Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:
Aldís Pálsdóttir,
ljósmyndari Birtings

*Sonja er eikynhneigð;
hana langar hvorki að stunda
kynlíf með strák né stelpu.*



Umsögn dómnefndar:

Styrkur og viðkvæmni. Í þessari myndrænu útfærslu er sterkum kynlausum einstaklingi, sem hefur staðsett sig utan hins hefðbundna í samfélaginu, komið frábærlega til skila. Augun eru biðjandi og ögrandi í senn, þau horfa á heiminn frá allt öðrum sjónarhóli en þeirra sem aðhyllast viðtekin viðhorf samfélagsins.



Myndaröð ársins



Íslenska flóttafólkið í Laugardalnum. Íbúar á tjaldsvæðinu í Laugardal hafa myndað þétt og samhent samfélag þar sem þeir hjálpast að og náungakærleikurinn ræður ríkjum.



Svanur gafst upp á því að finna húsnæði þar sem hann mætti hafa hundinn sinn, Kleó, og bjó þess í stað í jeppanum sínum í nokkra mánuði áður en hann keypti sér húsbíl.



Bebba hefur bedið eftir félagslegri íbúð hjá Akureyrarbæ í fjögur ár. Hún er númer 44 á biðlista og þarf jafnvel að bíða í fjögur ár í viðbót.



Kjartan Theódórsson er orðinn landsþekktur sem Kjarri tjaldbúi, en hann heldur úti vinsælum snapchatreikningi þar sem hann segir meðal annars frá lífinu í Laugardalnum.



Garðar bjó í bílnum áður en hann flutti yfir í lítið kúlutjald svo hann gæti teygst úr sér. Síðar náði hann að safna sér fyrir húsbíl.



Gylfi Ægisson býr í húsbíl ásamt þremur köttum, en hann átti erfitt með að finna leiguhúsnæði þar sem gæludýr væru leyfd.



Svanur fyrir utan húsbílinn sinn.



Íbúar eru margir hverjir búnir að skreyta fyrir jólin. Einhverjir verða hjá ættingjum yfir hátíðirnar en aðrir í Laugardalnum.



Ljósmyndari:

Heiða Helgadóttir,
ljósmyndari Stundarinnar
og sjálfstætt starfandi



Umsögn dómnefndar:

Fullyrðingin „ljósmyndun hefur ekkert með myndavélar að gera“ hefur sjaldan átt betur við en hér. Ljósmyndarinn er í senn allt um kring og ósýnilegur. Hann heldur hæfilegri fjarlægð, hefur öðlast traust viðfangsefna sinna og nær þannig að verða eins og ósýnilegur sögumaður. Fólkið á myndunum er í viðkvæmri stöðu en í gegnum myndirnar verða til sterkir einstaklingar en ekki fórnarlömb. Við skynjum sögu þeirra en vitum ekki af ljósmyndaranum. Virðing ríkir.

Myndir á sýningu

– eftir Þorvald Örn Kristmundsson

Sýningar frétt- og blaðljósmyndara eru löngu orðnar ómissandi þáttur í starfsemi Blaðamannafélags Íslands og sýningarhaldi landsins. Framan af voru þær þó haldnar óreglulega og með löngum hléum á milli en 1991 er sýning orðin undir merkjum Blaðamannafélagsins.

Fyrsta ljósmyndasýningin á vegum Blaðamannafélagsins var haldin árið 1922 í Góðtemplarahúsinu í Vonarstræti. Sýningin þótti sæta nokkrum tíðindum. Dómnefnd skipuðu Ásgrímur Jónsson listmálari, Sigríður Zoega og Magnús Ólafsson, sem voru bæði ljósmyndarar. „Eins og getið hefir verið um í blöðunum, ætlar Blaðamannafélagið hjer að gangast fyrir sýningu á ljósmyndum, sem þeir hafa tekið, er ekki eru ljósmyndarar að iðn.“

Markmið þessarar sýningar hjá Blaðamannafélaginu var að auka áhuga almennings á ljósmyndum og

sýna áhugaverðar myndir af fólki, mannlífi, sveitum og innanhúsmyndum eins og það var orðað. Dómnefnd innan Blaðamannafélagsins veitti svo verðlaun og voru flokkarnir þrír; mannamyndir, útimyndir og innimyndir. Á þessum tíma var enginn fréttaljósmyndari starfandi á dagblöðum og því var sú starfsgrein ekki til orðin ennþá. Þetta mætti þó telja að hafi verið vísis að eða vakning gagnvart heimildaskráningu með ljósmyndum og fréttamyndum Ljósmyndasýningin var svo opnuð 5. nóvember 1922 og var aðsókn víst með ágætum. Þessi sýning þótti þó takast mjög illa og var Blaðamannafélagið ávítt af Eggert P. Briem sem skrifaði harðorða grein í Vísi, 7. nóvember 1922.

Þar var einkum fundið að umgjörðinni, nöfn ljósmyndara vantaði undir margar myndir ásamt því að ekki var getið um hvað er á myndunum nema í

einstaka tilfellum. Í greininni er val dómnefndar á myndum á sýninguna harðlega gagnrýnt þar sem fjöldi ógreinilegra og illa tekinna ljósmynda var blandað saman við aðrar betri. Engir flokkar voru skilgreindir og engar reglur um nálægð mynda á milli. Greinarhöfundur telur að þar sem þetta sé fyrsta sýning af þessu tagi í Reykjavík þá reikni hann með því að Blaðamannafélagið standi sig betur að ári liðnu.

Blaðamannafélag Íslands fór af stað með sína fyrstu ljósmyndasýningu án þess að gera sér grein fyrir áhuga fólks á uppsetningu, gæðum og almennum ljósmyndaáhuga, en ári síðar hafi hún tekist betur ef marka má skrif í dagblöðum. Stutt tilkynning birtist í Tímanum 8. desember 1923 þar sem fram kemur að sýningin hafi verið ágæt og fjöldi mynda verið verulega góðar. Svipaðar tilkynningar má finna í öðrum blöðum um sýninguna



Þó blöðin væru í samkeppni sín á milli hikuðu þau ekki við að nota sömu myndir, eins og hér af brunanum í sænska frystihúsinu 1939. Þess má geta að myndin í Tímanum hafði verið á innsíðu annars staðar.



og má telja að betur hafi verið vandað til verka en árið áður.

Upphafið á fréttamyndaöld

Ein frægasta fréttamynd 20. aldar á Íslandi var tekin af Finnboga Rúti Valdimarssyni, blaðamanni og ritstjóra *Alþýðublaðsins*, og hún sýnir þegar rannsóknaskipið *Pourquoi Pas* fórst út af Mýrum þann 16. september 1936. Þessa mynd má telja upphafið af hinni eiginlegu fréttaljósmyndaöld sem hófst skömmu síðar, þegar blöðin hófu að ráða til sín ljósmyndara í fullt starf. Þessi mynd markar tímamót þar sem á þessum árum var fátítt að myndir frá Íslandi birtust í dagblöðum erlendis, og aldrei fréttamyndir. (*Sjá mynd*).

Fyrsti blaðaljósmyndarinn Þorsteinn Jósefsson, var ráðinn blaðamaður á Vísi árið 1939, en fyrir utan ritstörf þá fólst starf hans einnig í að taka ljósmyndir og birta þær reglulega í dagblaðinu Vísi. Var það í fyrsta skipti sem að dagblað greiddi manni föst laun til þess að taka fréttamyndir, og má því segja að þarna sé fyrsti íslenski blaðaljósmyndarinn kominn fram á sjónarsviðið.

Blaðaljósmyndun verður til sem aðalstarf

Á stríðsárunum voru myndatökur af hersetuliðinu og bækiöldvum hersins í Reykjavík og Hvalfirði bannaðar nema með fengnu leyfi hernaðaryfirvalda. Blöðin gátu þó oft á tíðum fengið keyptar myndir frá ljósmyndurum



*Ljósmynd Finnboga Rúts Valdimarssonar, blaðamanns og ritstjóra *Alþýðublaðsins*, og forsíða blaðsins sem segir frá því þegar rannsóknaskipið *Pourquoi Pas* fórst út af Mýrum þann 16. september 1936. Þessa mynd má telja upphafið að hinni eiginlegu fréttaljósmyndaöld sem hófst skömmu síðar.*

ameríska hersins. Dagblöðin réðu enga fastráðna ljósmyndara á stríðsárunum, en keyptu þó þjónustu annarra íslenskra ljósmyndara eins og af Vigfúsi Sigurgeirssyni og Ólafi Magnússyni sem seldu oft myndir af sama atburðinum til margra dagblaða. Það þótti ekki mikið tiltökumál að blöðin hefðu eins ljósmyndir af sama atburði á forsíðum sínum, sbr. forsíða Tímans 6. júlí 1939 og forsíða Morgunblaðsins sama dag, en þær myndir voru eins, og báðar eftir Ólaf Magnússon. Samkeppnin virðist hafa verið þó nokkur í fréttamyndum ef atburður eins og stórbrunninn í sænska frystihúsinu er skoðaður 6. júlí árið 1939. Þar eru þrjár ljósmyndarar titlaðir undir þrjár mismunandi myndir. Myndin í Morgunblaðinu er eftir Sigurfinn Sigurgeirsson, myndin í Tímanum og *Alþýðublaðinu* er eftir Ólaf K. Magnússon, og í Þjóðviljanum er mynd eftir Vigfúsi Sigurgeirsson.

Greinilegt er að mikil gróska átti sér stað í ljósmyndalífi Reykjavíkur á þessum tíma. Friðrik Clausen, starfsmaður Hans Petersen, vann mikið fyrir Morgunblaðið á þessum árum, Páll

Jónsson, auglýsingastjóri Vísis, Guðni Þórðarson hjá Vísi og Ívar Guðmundsson blaðamaður áttu einnig töluvert af myndum í sínum blöðum á þessum tíma. Ólafur K. Magnússon varð síðan fyrsti fastráðni fréttaljósmyndarinn. Hann hóf störf á Morgunblaðinu árið 1947 og vann á blaðinu í nær hálfa öld. Á þessum tíma var ekki litið á ljósmyndara sem jafningja blaðamanna og var því aðild Ólafs að Blaðamannafélaginu hafnað. Þessi höfnun varð þó til þess að Blaðamannafélagið endurskoðaði afstöðu sína til aðildar Ólafs og bauð honum síðar þátttöku, en hann hafnaði því þar sem honum hafði verið misboðið þegar honum var upphaflega hafnað. Ólafur K. gekk því aldrei í Blaðamannafélagið í þau tæplega 50 ár sem hann starfaði hjá Morgunblaðinu.

Árið 1957, eða tíu árum eftir ráðningu Ólafs, hófu önnur blöð að fastráða ljósmyndara og á skömmum tíma voru stærstu dagblöðin og tímaritin komin með sína eigin fréttaljósmyndara, enda blaðamyndir orðnar óaðskiljanlegur hluti fréttar. Í kring-



Fyrsta skipti sem vísað var til ljósmyndara sem fréttaljósmyndara var í Vikunni 1953. Þar sagði: „Forsíðumyndin: Hér er allt í einum hrærigraut — í augum landkrabbans. En sjómaðurinn kann á alla þessa enda og á raunar nöfn á þá marga. Pétur Thomsen fréttaljósmyndari tók myndina úr brúnni á Agli Skallagrímssyni í höfn í Reykjavík.“

um 1960 voru átta fréttaljósmyndarar við störf í Reykjavík. Það voru þeir Ólafur K. Magnússon við Morgunblaðið, Þorsteinn Jósefsson sem þó var blaðamaður en myndaði einnig samhliða skrifunum, Gísli Gestsson á Alþýðublaðinu, Ari Kárasón á Þjóðviljanum, Sveinn Þormóðsson á Morgunblaðinu, Guðjón Einarsson á Tímanum, Ingimundur Magnússon á Vísi og Kristján Magnússon sem var sjálfstætt starfandi fyrir öll blöð.

Tæknin jókst á sama tíma, mynda vélarnar urðu smærri og einfaldari og aðgangur dagblaða að ljósmyndum sífellt betri. Fyrstu símamyndirnar bárust til Íslands frá leik Dana og Íslendinga í Kaupmannahöfn, 19. ágúst árið 1959. Íslensku dagblöðin voru hingað til ekki vön að fá myndir sendar samdægurs, en nú voru breyttir tímar og ný tæki hjá Landssímastöðinni orðin sambærileg þeirri tækni sem nýtt var erlendis, og því orðið mögulegt að fá myndir samdægurs. Orðið „fréttaljósmyndari“ birtist fyrst árið 1953 því þá

var það starfsheiti notað í fyrsta sinn í íslenskum blöðum.

Pétur Thomsen var fyrstur manna skrifandi sem fréttaljósmyndari í tímaritinu Vikunni, við mynd sína sem tekin var úr brúnni á skipinu Agli Skallagrímssyni í Reykjavíkurhöfn (forsíðumyndin, 1953). Hingað til hafði hafði hefðin verið sú að undir myndir væri skrifað „ljósmyndari“.

Í viðtali við Mánudagsblaðið, 6. ágúst 1951, ræðir ljósmyndarinn Pétur Thomsen um starf sitt. Pétur lærði ljósmyndun í Þýskalandi árið 1934 og gerðist svo íslenskur fréttaljósmyndari eins og hann orðaði það sjálfur. Í viðtalinu nefnir Pétur að dagblöð í Ameríku séu að auka vægi mynda og sagði m.a.: „Erlend blöð auka nú mjög birtingu mynda, og telja t.d. bandarískir ritstjórar, að ekki sé nema hálfsgöð sagan, ef ekki birtast myndir,“ segir hann í þessu viðtali við Agnar Bogason, ritstjóra blaðsins. Spurður hvort ekki sé til félag atvinnuljósmyndara sem veiti alþjóðleg réttindi svarar Pétur því til að svo sé ekki. Pétur telur upp ýmis erlend félög sem hann er meðlimur í, en telur Ísland vera langt á eftir í réttindum fréttaljósmyndara. Á þessum tíma eru fréttaljósmyndarar ekki meðlimir Blaðamannafélags Íslands og var Pétri neitað um aðgöngu í Ljósmyndarafélag Íslands, en þar voru meðlimir þeir sem áttu ljósmyndastofur og voru lærðir sem slíkir. Í viðtalinu nefndi Pétur að í Bandaríkjunum hafi fréttaljósmyndarar sömu réttindi og blaðamenn og starf beggja sé talið sambærilegt, þ.e.a.s. fréttaflutningur. Þarna er greinilegt að fréttaljósmyndarar á Íslandi voru ekki taldir jafnir blaðamönnum og hægt að draga þá ályktun að íslensk blöð standi ekki erlendum blöðum jafnfætis.

Rætt um fréttamynd ársins í dagblöðum

Á stjórnarfundum Blaðamannafélags Íslands árið 1963 var ákveðið að skipa nefnd til að velja fréttaljósmynd ársins í dagblöðum og veita henni verðlaun. Í nefndinni áttu að sitja Bjarni Guðmundsson blaðafulltrúi, Helgi Sæmundsson, formaður menntamálaráðs, og Sigurður

Benediktsson, fyrrum blaðamaður (sjá fundargerð stjórnar BÍ, 1963). Enginn af dómnefndarmönnum var ljósmyndari né með sérhæfða þekkingu á ljósmyndum. Þessi nefnd náði ekki að framkvæma þetta val fyrir Blaðamannafélagið og varð því ekkert úr syningunni.

Fyrsta hagsmunafélag blaðaljósmyndara stofnað

Þó er ljóst að þarna er komin hreyfing á mál ljósmyndara, Árið 1965 ákváðu blaðaljósmyndarar þannig að stofna sín fyrstu samtök og komu átta starfandi fréttaljósmyndarar sér saman um að mynda þriggja manna starfhæfa stjórn. Tilgangur samtakanna var að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og átti félagið að vera fyrir alla starfandi ljósmyndara, bæði dagblaða og vikublaða. Ekki fór mikið fyrir þessu félagi næstu árin og heimildir um starfsemina eru ekki til.

Lög félags blaðamanna voru endurskoðuð árið 1965 og var þá ákveðið að aðild að félaginu næði til dagblaðamanna, vikublaðamanna, starfsmanna fréttastofu útvarps og fréttaljósmyndara eins og það er orðað í fundabókum Blaðamannafélagsins þegar það minnst 70 ára afmælisins 1968. Vikublöð voru sérstaklega ötul við að birta ljósmyndir í lok sjötta áratugarins og bauð Vikan lesendum sínum upp á að sjá bestu fréttamyndir ársins 1968. Það má segja að þarna hafi verið hálfgerð upphaf eða hugmynd að verðlaunasýningum blaðaljósmyndara í framtíðinni. Átta íslenskir fréttaljósmyndarar tóku þátt í fyrstu sýningunni og máttu velja sér eina af sínum bestu myndum til þess að sýna.

Þann 5. október 1978 tók stjórn Blaðamannafélagsins fyrir á fundi formlega beiðni ljósmyndara um stofnun samtaka fréttaljósmyndara. Í bréfinu var sótt um viðurkenningu Blaðamannafélagsins á samtökunum og styrki úr sjóðum þess til að halda ljósmyndasýningu þá um veturinn. Ákveðið var á fundinum að taka vinsamlega í erindið, og átti formaður að heita stuðningi Blaðamannafélagsins við ljósmyndara ef yrði af nýju félagi þeirra. Í desember sama ár samþykkti stjórn beiðni fyrir sýningu sem fyrirhugað var

að halda 11.-25. apríl nk., þ.e. 1979, samanber fundargerðabók BÍ frá 1978. Þar með lúta blaðaljósmyndarar sömu siðareglum og samþykktar eru hverju sinni af öllum meðlimum Blaðamannafélagsins, og varða meðal annars heiðarleika, vandvirkni og drengskap í fréttaoöflun og hátterni.

Ný samtök fréttaljósmyndara stofnuð

Samtök fréttaljósmyndara voru stofnuð 14. október árið 1978 og eru það þau samtök sem enn eru við lýði í dag, en nafn samtakanna þróaðist yfir í Blaðaljósmyndarafélagið á næstu árum. Stofnendur voru Róbert Ágústsson hjá Tímanum, sem varð formaður félagsins, Emillía Björnsdóttir á Morgunblaðinu, Einar Karlsson á Þjóðviljanum og Friðþjófur Helgason (sjá Stofnbréf samtaka fréttaljósmyndara, 1978). Lög félagsins voru samin af stofnfélögum og samþykkt á fundi félagsins þann 14. október.

Árið 1990, þann 25. maí, voru samkeppnisreglur um „Mynd ársins“ samþykktar hjá stjórn Blaðaljósmyndara og eru þær grunnurinn að þeim reglum sem enn eru notaðar fyrir sýningar í dag og vali á mynd ársins.

Sýningar samtaka fréttaljósmyndara og síðar Blaðaljósmyndarafélags Íslands

- Sýning 1979. Nokkrar sýningar fréttaljósmyndara voru settar upp á þessum fyrstu árum Samtaka fréttaljósmyndara. Þann 20. apríl 1979 héldu fréttaljósmyndarar sýningu í Norræna húsinu á sínum bestu myndum. Nítján ljósmyndarar tóku þátt og skrifaði Pjetur Maack ljósmyndari pistil um sýninguna í Vísi. Þar telur hann gæðin vera meiri en venjulega, úrval mynda gott og nefnir nokkra ljósmyndara sem hann telur skara fram úr á sýningunni. Þar á meðal Ragnar Axelsson ljósmyndara Morgunblaðsins, Guðjón Róbert Ágústsson á Tímanum og Ragnar Th. Sigurðsson.
- Sýning 1980. Sýning fréttaljósmyndara var opnuð í Ásmundarsal 12. apríl 1980 og tóku þrettán ljósmyndarar þátt það árið (önnur sýning fréttaljósmyndara, 1980).

- Sýning 1981. Sýning Samtaka fréttaljósmyndara opnuð 16. apríl í Norræna húsinu undir yfirskriftinni: *Fréttaljósmyndarar önnum kafnir* (1981).
- Sýning 1983. Sýning Samtaka fréttaljósmyndara „*Fréttaljósmyndir frá liðnu ári*“, opnuð á Kjarvalsstöðum, 25. febrúar 1983. Tuttugu og einn ljósmyndari tók þátt (Sýningar, 1983).
- Sýning 1985. Sýning fréttaljósmyndara haldin samhliða sýningu World Press Photo, 19. apríl 1985, í Listasafni ASÍ. Ekki var valin mynd ársins hjá félagi fréttaljósmyndara en því boðið að eiga myndir samhliða sýningu World Press Photo.
- Sýning 1991. Blaðamannafélagið og Blaðaljósmyndarafélagið standa fyrir sýningu á bestu blaða- og fréttamyndum ársins 1990 í Listasafni ASÍ. Þarna er Blaðamannafélag Íslands nefnt í fyrsta skipti í tengslum við ljósmyndasýningu fréttaljósmyndara. (*Bestu fréttamyndir ársins*, 1991).
- Sýning 1992. Sýning blaðaljósmyndara í Listasafni ASÍ 7. mars 1992.
- Sýning 1993. Sýningin árið 1993 heitir núna í fyrsta sinn „*Mynd ársins*“. Sýningin var haldin í Listasafni ASÍ 13. mars. (*Myndir ársins '92*, 1993).
- Sýning 1994. Sýning blaðaljósmyndara opnuð 6. apríl í Lishúsinu í Laugardal. Sextán ljósmyndarar tóku þátt.
- Sýning 1996. Blaðaljósmyndarafélagið færir sýninguna í Gerðarsafn í Kópavogi. Sýningin opnuð 27. janúar.
- Frá 1996-2017. Sýningar blaðaljósmyndara á hverju ári síðan. Frá því 1996 hefur Blaðaljósmyndarafélag Íslands haldið óslitið fréttaljósmyndasýninguna „*Mynd ársins*“. Félagið heldur úti heimasíðunum: www.icelandicpressphoto.com og www.pressphoto.is.

Við skrif á ritgerð sinni sem hér er byggt á, leitaði Þorvaldur Örn Kristmundsson eftir viðhorfum Friðu Björnsdóttur, fyrrum framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands, og Hjálmars Jónssonar, formanns Blaðamannafélagsins, og eru þau bæði sammála um mikilvægi blaðaljósmyndara. Í viðtalinu við Friðu Björnsdóttur segir hún: „Hlutverk ljósmyndarans er mjög þýð-

ingarmikið og við vitum að mynd segir oft á tíðum miklu meira en mörg orð. Frétt án myndar er ekki merkileg ef um atburð, viðburð eða eitthvað álíka er að ræða“. Þegar Friða er spurð hvort það sé hægt að skilgreina blaðaljósmyndara sem blaðamann svarar hún því að það sé rétt að gera það, enda hans starf að sjá fréttina í atburðinum og taka myndina: „Hann verður að koma auga á fréttina í því sem hann heyrir eða sér í kringum sig“.

Í viðtalinu við Hjálmar Jónsson, tekur hann í sama streng og segir: „Blaðaljósmyndarar eru afar mikilvægir á öllum fjölmiðlum og ekki hægt að hugsa sér fjölmiðla án framlags þeirra.“ Hjálmar segir einnig að blaðaljósmyndari sé blaðamaður með ljósmyndavél og leitist við að sýna veruleikann með myndrænum hætti með sama hætti og blaðamaður reyni að lýsa honum með orðum. Félagið var upphaflega stofnað fyrir skrifandi blaðamann og segir Friða Björnsdóttir í viðtali að þetta hafi verið ein af ástæðum fyrir því að ljósmyndarar voru ekki teknir í félagið fyrr en á sjötta og sjöunda áratugnum. Hjálmar Jónsson telur það vera séríslenskt að ljósmyndarar fengu ekki aðild fyrr í félagið sem á rót sína að rekja til þess að Blaðamannafélagið var í upphafi stofnað af ritstjórum áður en blaðaljósmyndun kom til sögunnar.

Þegar Friða Björnsdóttir er spurð að því hvort að með nýrri tækni og breyttum áherslum sé starf blaðaljósmyndara að hverfa segir hún: „Ég sé ekki hvernig tæknin ætti að leiða til þess að starf blaðaljósmyndarans sé að hverfa, það ætti einmitt að vaxa með meiri og betri tækni. Ef verið er að gefa í skyn að tæknin geti orðið til þess að allir blaðamenn gangi um með síma og myndi það sem fyrir augu ber, kann það að hafa einhver áhrif, en ég gef mér að ljósmyndarinn sé betri ljósmyndari en flestir blaðamenn.“

Grein þessi er í öllum aðalatriðum byggð á BA-ritgerð Þorvalds Arnar Kristmundssonar í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri, sem nálgast má í heild á Skemman.is, „Saga og staða blaðaljósmyndara á Íslandi: mikilvægi íslenskra fréttaljósmyndara í sögulegu samhengi.“

Blaðamannafélagið 120 ára

Blaðamannafélag Íslands er stofnað 19. nóvember 1897 á Hótel Borg í Reykjavík. Til fundarins var boðað af Jóni Ólafssyni, sem þá var ritstjóri Nýju aldarinnar. Vilhjálmur Þ. Gíslason segir þó í grein í Blaðamannabókinni frá 1948 að Bríet Bjarnahéðinsdóttir hafi átt hugmyndina að stofnun félagsins. Nafn hennar er meðal sjö stofnfélaga í fyrstu fundargerðum, en allt voru þetta ritstjórar og útgefendur. Tilgangur félagsins var að styðja við blaðamenskuna sem starfsgrein og auka viðkyrningu milli félagsmanna og „styðja heiðvirðleik og ráðvendni í blaðamennsku“. Blaðamannafélagið fagnaði því 120 ára afmæli í nóvember og af því tilefni var blásið til afmælisfagnaðar, en samkoman fór fram í Blaðamannaklúbbnum í Síðumúla. Við þetta tilefni flutti Lúðvík Geirsson, fyrrum formaður BÍ, ávarp og er það birt í heild hér í blaðinu. Jafnframt voru við þetta tilefni 14 félagar heiðraðir og sæmdir gullmerki BÍ fyrir langan og farsælan feril á sviði upplýsingamiðlunar, en þeir eiga það allir sameiginlegt

að hafa starfað yfir 40 ár í faginu. Þeir eru: Jóhannes Reykdal, Árni Þórarinsson, Ómar Valdimarsson, Sveinn Sigurðsson, Ásgeir Tómasson, Kjartan Stefánsson, Þorbergur Kristinsson, Sigurður Hreiðar, Ragnar Th. Sigurðsson, Jónas Haraldsson, Jóhannes Tómasson, Ragnar Axelsson, Gissur Sigurðsson og Guðjón Einarsson.

Auk þessa fagnaðar efndi Blaðamannafélagið til bókaútgáfu í tilefni af þessum tímamótum í lífi félagsins en fyrir jólin 2016 kom út bókinn „Í hörðum slag – Íslenskir blaðamenn II“ eftir Guðrúnu Guðlaugsdóttur, en þar eru viðtöl við þá 15 blaðamenn sem höfðu blaðamannaskírteini með númerunum 9-23. Á 110 ára afmæli félagsins kom úr sambærileg bók með þáverandi handhöfum skírteina 1-10. Í bókinni gefst einstakt tækifæri til að kynnst samtímis mikilvægum vendingum í fjölmiðlun á Íslandi og einstaklingum sem öðrum fremur stjórnuðu upplýsingastreymi til almennings áratugum saman. Viðtölunum fylgdu nýjar

glæsilegar portrettmyndir Kristins Ingvarssonar af viðmælendum. Þau sem rætt var við í bókinni eru: Björn Vignir Sigurpálsson, Magnús Finnsson, Steinar J. Lúðvíksson, Kári Jónsson, Ingvi Hrafn Jónsson, Freysteinn Jóhannsson, Árni Johnsen, Jóhanna Kristjónsdóttir, Styrmir Gunnarsson, Kjartan L. Pálsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Gunnar V. Andrésen, Jóhannes Reykdal, Úlfar Þormóðsson, og Sigurdór Sigurdórssen. Sem kunnugt er lést Jóhanna Kristjónsdóttir, eina konan í hofi viðmælenda, á afmælisárinu.

Bókin hefur einnig að geyma einstakan ljósmyndakafla sem byggir á fréttaljósmyndasafni Gunnars V. Andrésenar, sem hefur skráð með myndrænum hætti sögu þjóðarinnar í 50 ár. Bókinni lýkur á fræðilegri samantekt um fagvæðingu blaðamannastéttarinnar, sem Birgir Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri, skrifaði, en hann var jafnframt ritstjóri bókunnar.



Þeir félagar sem sæmdir voru gullmerki BÍ (eða fulltrúar þeirra) ásamt formanni Blaðamannafélagsins, Hjálvari Jónssyni.

Barátta blaðamanna hefur verið barátta fyrir lýðræði og almannarétti

Hér á eftir fer ávarp Lúðvíks Geirssonar, fyrrum formanns Blaðamannafélags Íslands, í afmælisfagnaði félagsins í nóvember síðastliðnum.

Ágætu blaða- og fréttamenn!

Í fyrstu lögum Blaðamannafélags Íslands sem voru samþykkt þann 4. janúar 1898 segir m.a. að tilgangur félagsins sé ... „að stöðja með samþökum atvinnuveg blaðamanna og hvað eina, er stendur í sambandi við hann, efla viðkyrningu fjelagsmanna hvers við annan og auka veg og gengi heiðviðrar blaðamennsku í landinu... tilgangi sínum leitast fjelagið við að ná ma. fram með því að koma hagfelli og réttvíslegu skipulagi á ýmsilegt það í löggjöf vorri, er varðar blaðamennsku og ritmennsku....“

Þannig hljóðaði nú það... Eflaust gæti þessi lagatexti staðið meira og minna óbreyttur í lögum félagsins í dag... Hvað segir það okkur – ...að lítið hafi áunnist með samstöðu blaðamanna í riflega heila öld? Nei, miklu frekar hitt, – að það er endalaust verk að vinna fyrir þau samþök sem berjast fyrir tjáningarfrelsi og frjálsri og upplýstri fjölmiðlun. Ef það var þörf fyrir samstöðu og öflugt Blaðamannafélag í lok 19. aldar, þá er það ekki síður nú í lok annars áratugar 21. aldar.

Mér finnst Blaðamannfélagið hafa þroskast og þróast vel í þeirri miklu samfélagsbyltingu sem gengið hefur yfir á æviskeiði félagsins. Það er í dag eins og til var stofnað í upphafi; kröftugur málsvari blaða- og fréttamanna, sem fást nú við fjölbreyttari störf á sviði fjölmiðunar en nokkru sinni áður – það er öflugt launþega félag sem



Lúðvík Geirsson, fyrrum Þjóðviljamaður og formaður BÍ og Sigtryggur Sigtryggsson Morgunblaðsmaður rifja upp gamlar minningar í afmælishófinu sem haldið var í Blaðamannaklúbbnum í Síðumúla 23.

Myndir: Eggert Jóhannesson.

veitir félögum sínum bæði stuðning og styrki, og það er ekki síst afar mikilvægur vettvangur faglegrar umræðu um vinnubrögð, réttindi og stöðu fjölmiðla og fjölmiðlafólks.

Það skiptir nefnilega miklu máli að fjölmiðlastéttin eigi sér öflugan málsvara. Blaðamannafélagið hefur sýnt það og sannað að það stendur fyllilega undir því mikilvæga hlutverki og hefur bæði skýra og sterka rödd, þegar kemur að faglegrum hagsmunamálum sem eru samofin helstu grunn-gildum nútíma lýðræðis, upplýsinga-skyldu stjórnvalda og tjáningarfrelsi.

Barátta blaðamanna í gegnum tíðina fyrir aðgengi að upplýsingum og barátta fyrir tjáningarfrelsi, hefur jafnhliða verið brátta fyrir virku lýðræði og almannarétti. Og gleymum því ekki að þó enn séu óunnin lönd, þá hefur félagið, fjölmiðlar og blaðamenn – haft ríkuleg og mótandi áhrif á bæði löggjafar og dómsvald, – og opnað leiðir fyrir opinskárrri og upplýstari umfjöllun og umræðu í samfélaginu.

Blaðamannafélagið átti til að mynda stóran þátt í því að koma á og



Guðmundur Hermannsson og Björn Jóhann Björnsson.



Haraldur Jónasson (Hari) og Ómar R. Valdimarsson.



Karl Böndal og Valgerður Þ. Jónsdóttir.



Það fer vel á með þeim Gissuri Sigurðssyni og Ragnari Axelssyni.



Jóhannes Tómasson, Lúdvík Geirsson og Arndís Þorgeirsdóttir.

móta löggjöf um upplýsingaskyldu stjórnvalda, og hefur einnig haft mikilvæg áhrif til breytinga á ýmum þáttum í gildandi fjölmiðlalögum.

En höfum það líka skýrt í huga, að einn helsti bandamaður íslenskrar fjölmiðlunar á síðustu árum í baráttunni fyrir fullu og óheftu tjáningarfrelsi er Mannréttindadómstóll Evrópu. Nýleg skýrsla Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands um dóma Mannréttindadómsins um tjáningarfrelsi fjölmiðlafólks á Íslandi á síðustu 5 árum, segir allt sem segja þarf í þeim efnum.

Ennþá eru ýmsir draugar að kljást við eins og nýjustu dæmi sanna. Ansi lífseigir draugar sem er brýnt að verði kveðnir niður og þar hefur Blaðamannafélagið og fjölmiðlastéttin brýnu verkefni að sinna

Við erum enn að berjast við sömu

vindmyllur og fyrir ártugum síðan, enn að takst á við bæði stjórnkerfi og fjármálaöfl sem telja sig hafa ritstjórnarlegt vald yfir íslenskum fjölmiðlum. Eigi að stýra því og stjórna, hvað megi fjalla um, hvernig og hvenær.

Á síðustu árum hefur stófelld bylting í tölvutækni haft umtalsverð áhrif á alla fréttavinnslu og um leið opnað leiðir og aðgang almennings að upplýsingum sem voru ýmist ekki tiltækar eða aðgengilegar. Og tæknin hefur um leið opnað leiðir að felustöðum siðleysis og spillingar.

Samhliða hefur tæknibyltingin gjörbreytt allri fréttamiðlun, aðgengi almennings að upplýsingum og beinni miðlun þeirra á samskipta- og samræðumiðlum.

Og nú er nýjasta afurð þessarar tæknipróunar að nýta sér beint raf-rænt aðgengi að almenningi með fölsuðum fréttum og rangfærslum til að hafa skoðanamyndandi áhrif á útvalda hópa.

Er eitthvað nýtt undir sólinni í þeim efnum? Þekkjum við ekki sambærilega pólitíska fréttamiðlun frá fyrri tíð? Jú, vissulega getum við fundið slíka samsvörun, en flóðbylgjan og misnotkunin er slík í fjölmiðlun tæknialdar, að það er ekki aðeins þörf heldur knýjandi þörf fyrir ábyrgan, heiðarlegan og sannan fréttaflutning.



Erna Ýr Öldudóttir, Valgerður Þ. Jónsdóttir og Árni Þórarinnsson.

Trúverðugleiki og traust eru því líkt og jafnan áður megingildi allra góðra fjölmila sem hafa nú í breyttum heimi, ekki eingöngu það hlutverk að flytja og miðla til almennings upplýsandi og raunsonnum fréttum, heldur ekki síður það hlutverk að upplýsa og bregðast við skipulögðum falsfréttum.

Til að fjölmiðlar geti staðið undir þessu mikilvæga hlutverki og sinnt því af ábyrgð, verða stjórnvöld að gera sér grein fyrir þessum nýju og breyttu aðstæðum og jafnframt að bregðast við þeim með því að tryggja að hér á landi séu bæði lagalegar og fjárhagslegar forsendur til þess að hægt sé að halda úti rekstri alvöru upplýsandi fjölmiðla. Í þeim efnum getum við ýmislegt lært af nágrannapjóðum okkar.

Sem þátttakandi í stjórn málum í sveitarstjórn og á Alþingi hef ég átt margvísleg samskipti við fjölmiðla. Ég fann á stundum fyrir því, og upplifi það enn þegar fylgst er með fréttum, að helsti veikleikinn felst enn í dag í tímaskorti og ónógum undirbúningi, sem skýrist fyrst og fremst af fámenni og fjárhagslega veikum fjölmiðlum. Þrátt fyrir allar þær breytingar í tækni og vinnubrögðum sem við höfum gengið í gengum, þá er lítil sem engin breyting í þessum efnum, sem er mjög miður. Miður vegna þess að í því samfélagi sem við lifum í dag, er meiri þörf en trúlega nokkru sinni áður á ábyrgri, gagnrýnni og vandaðri fjölmiðlun.

Í núverandi starfi mínu hef ég einnig átt í margþættu samstarfi við fjölmiðla, þar sem m.a. reyndi verulega á faglega og siðferðilega þætti, í því hörmungarmáli sem þjóðin upplifði í upphafi þessa árs. Öll sú umfjöllun og samskipti við fjölmiðla, var til mikillar fyrirmyndar. Fjölmiðlar tókust þar á við afar viðkvæma umfjöllun og gerðu það undantekningalaust með miklum sóma.

Þetta er mikilvægur styrkleiki í íslenskrum fjölmiðlun, í okkar fámennissamfélagi. Að þessu leyti eru íslenskir fjölmiðlar um margt betri en við gerum okkur kannski alltaf grein fyrir. Við þekkjum sjálf veikleikana og vanmátt-

inn, en engu að síður hafa blaða- og fréttamenn sýnt styrk sinn og getu til að takast á við erfið, viðkvæm og vandasöm mál og gera það á ábyggilegan og faglegan hátt.

Ágætu Bl-félagar!

Ég hef tekið þátt í og fylgst með starfi Blámannafélagsins í nær fjóra áratugi. Þar af var ég starfandi blaðamaður og síðar starfsmaður félagsins í tvo áratugi. Þetta var viðburðaríkur og ógleymanlegur tími. Það var allt á fleygiferð, ný tækni, nýir fjölmiðlar, Blásiðumúllinn iðaði af lífi, Vísir og DV – sameinuðust á einni nóttu, Mogginn flutti í Kringluna, ljósvakabyltingin gekk í garð, útvarpsstöðvar spruttu upp eins og gorkúlur og Stöð 2 varð til. Það var allt undir og allt breytingum háð. Þetta var frjór og skemmtilegur tími en hann var líka á stundum erfiður þegar herti á dalnum. Flokksblóðin lögðu upp laupana og ýmsir nýir miðlar entust stutt.

Ég er afar þakklátur að hafa átt þess kost að starfa við fjölmiðlun. Þetta var ógleymanlegur tími; gleði og gaman, streð og spenna, en ekki lærdómsríkur skóli sem maður býr að enn í dag. Ekki síður að fá tækifæri til að starfa fyrir félagið okkar og leiða það inn í nýja öld.

Það voru umbrotatímar og það reyndi oft á samstöðu og styrk blaðamanna að standa vörð um sína hagsmuni, bæði faglega og fjárhagslega. Á þessum árum tókum við þá ákvörðun að opna félagið og verða regnhlíf fyrir alla þá sem komu að fjölmiðlun, af hvers kyns tagi. Um það voru ekki allir sáttir, en ég heyrði ekki mótbárur í dag, enda hefur sameinaður hópur styrkt og eft Blámannafélagið á alla lund sem er í dag stærra og öflugra en nokkru sinni fyrir.

Enn og aftur göngum við í gegnum tæknibyltingu og umrótt í íslenskrum fjölmiðlun. Svo mun verða um alla tíð. Ný samskiptatækni og nýir miðlar. Umbúnaðurinn breytist og innihaldið tekur mið af líðandi stund, en grunnildi faglegrar, frjálsrar og upplýsandi fjölmiðlunar eru og verða ætíð þau sömu. Til að standa vörð um þau gildi er brýnt að við eigum áfram lifandi og öflug Blámannafélag.

Bestu hamingjuóskir með 120 árin.



Þórir Guðmundsson og Kristján Már Unnarsson.



Guðni Einarsson og kona hans, Guðfinna Helgadóttir.



Ragnar Th. Sigurðsson og Sigurður Hreiðar.



Anna Lilja Þórisdóttir, Guðrún Guðlaugsdóttir, Guðmundur Ólafur Ingvarsson og Agnes Bragadóttir.

Traust, tiltrú, pólítík og fagmennska

Hugleiðing um stöðu blaðamennskunnar

Traust almennings til íslenskra fjölmiðla – og þar með íslenskra fjölmiðlamanna – hefur almennt verið frekar lágt þó það sé vissulega mjög misjafnt eftir því hvaða fjölmiðlar eiga í hlut.

Þannig kemur fram í síðustu mælingu MMR, sem er frá því í desember 2016, að RÚV nýtur yfirgnæfandi meistarustust eða um 69% svarenda. Aðrir koma nokkuð langt á eftir, Stöð 2 með 41%, Morgunblaðið með 37%, Kjarninn og Fréttablaðið í kringum 30% og aðrir með enn minna. Nokkur ár er síðan mælt var traust til fjölmiðla almennt, en árið 2014 var það milli 18 og 19%.

Eðlilegt er að setja alvarlega fyrirvara við mælingar af þessu tagi, enda allsendis óvíst hvað nákvæmlega felst í hugtakinu traust í þessu samhengi og það flækir enn málin að miðlarnir eru mjög ólíkir og fólk kveðst treysta þeim misvel. Þó er ástæðulaust að horfa alveg framhjá þessum niðurstöðum því þær eru vissulega vísbending um að eitthvað sé ekki eins og það á að vera. Þegar almennur borgari segist ekki treysta fjölmiðlum eða einhverum tilteknum fjölmiðlum, felur það í sér að hann trúir ekki eða hefur fyrirvara gagnvart því sem þar kemur fram.

Almenningur og blaðamenn

Fyrir fagstétt blaðamanna á Íslandi



Eftir
Birgi Guðmundsson

hlýtur slíkt að vera umhugsunarefni, enda grundvallargildi faglegrar blaðamennsku að þjóna almannahagsmunum með því að upplýsa um það sem skiptir máli. Trúi mikill meirihluti fólks ekki því sem blaðamenn segja eða



setji við það alvarlega fyrirvara, þá er það annað hvort til marks um sérstaklega tortrygginn almenning eða að eitthvað er ekki eins og það á að

vera í blaðamennskunni – nema hvort tveggja sé raunin. Samhengið milli trausts og fagmennsku er mikilvægt hjá öllum fagstéttum, og það er fyrst og fremst í gegnum fagmennsku sem traustið ávinnst og þess vegna er eðlilegt að upplýsingar um takmarkað traust kalli á spurningar um hvort blaðamenn þurfi að endurskoða eða fara yfir einhver fagleg viðmið sem notuð eru. Nákvæmni, sanngirni og jafnvægi hafa oft verið talin mikilvæg fagleg gildi í blaðamennsku, bæði hér á Íslandi og víðar í heiminum. Viðhorf almennings til þess hvort fjölmiðlar séu almennt hlutlausir eða dragi fram allar hliðar máls hafa því stundum verið notuð til að skoða faglega stöðu blaðamanna og ástand fjölmiðlunar í einstökum löndum Nýlega birti PEW-stofnunin í Bandaríkjunum einmitt yfirlit úr könnun í 38 ríkjum vítt um heim þar sem m.a. var spurt um hvort almenningur teldi fjölmiðla í landi sínu vera hlutlaus í umfjöllun sinni eða ekki. Svo vill til að til eru sambærilegar niðurstöður fyrir Ísland sem byggja á könnunarpönnu Félagsvísindastofnunar HÍ frá því í desember 2016. Íslensku gögnin eru því tæpu ári eldri en gögnin frá PEW. Á Mynd 1 má sjá hvernig niðurstaðan er úr þessum könnunum eftir einstök-


um löndum og Íslandi hefur verið bætt inn á myndina. Þrátt fyrir að niðurstöður fyrir Ísland séu fengnar með aðeins öðrum hætti þá gefur þetta yfirlit mjög sterka vísbandingu um að íslenskur almenningur telur fjölmiðla í heimalandi sínu mun hlutdrægari en almenningur í mjög mörgum öðrum löndum. Hvort þetta segir meira um raunverulega óhlutdrægni fjölmiðlanna eða menningu í viðkomandi löndum skal ósagt látið, en líkur eru til að þar sem almenningur telur fjölmiðla óhlutdræga eru meiri líkur til að það treysti þeim.

Pólítikusar og blaðamenn

Ýmsar fleiri vísbandingar eru um að það sé skortur á tiltrú á fagmennsku blaðamanna á Íslandi, m.a. úr ranni stjórnmalanna. Sá sem þetta ritar hefur á umliðnum árum verið að skoða viðhorf stjórnmalamanna til fjölmiðla og meðal annars gert frambjóðendakannanir í því skyni. Þar kemur fram að frambjóðendur í síðustu fernum kosningum, þingkosningunum 2013, 2016 og 2017 og svo í sveitarstjórnarkosningunum 2014 hafa frekar litla tiltrú á að fagleg sjónarmið ráðu fréttamati á stærri landsdekkandi fjölmiðlum. Þetta má sjá á Mynd 2 sem sýnir að 57% frambjóenda í þessum kosningum öllum eru ósammála fullyrðingu um að fagleg sjónarmið ráð fréttamati varðandi stjórnmal. Í sömu gögnum má finna einkunnagjöf frambjóðenda úr síðustu þrennum þingkosningum fyrir hlutleysi og hlutdrægni einstakra miðla. Þar er einkunnin 1 gefin þeim sem frambjóðandi telur vera algerlega hlutlausan og einkunnin 5 þeim sem er mjög hlutdrægur. Meðaleinkunn flestra er á bilinu 3-4, nema RÚV sem fær 2,2 í meðaleinkunn og er þar með talinn óhlutdrægasti miðillinn af þessum stjórnmalamönnum. (Nýrri miðlar eins og Kjarninn, Stundin, Eyjan/Pressan og Kvinnablaðið voru þó aðeins með í könnunum 2016 og 2017.)

Fyrirvarar gagnvart pólítík

Skoðanir stjórnmalamanna á óhlutdrægni eða hlutdrængi fjölmiðla eru að sjálfsögðu ekki endanlegur úrskurður um fagmennsku þeirra, þvert á móti ber að taka slíkum skoðunum



Mynd 1. Hér má sjá niðurstöður úr könnun PEW-stofnunarinnar á því hvernig almenningur í hinum ýmsu löndum metur hlutleysi/hlutdrægni fjölmiðla í heimalandi sínu. Súlnurnar sýna þá sem telja að hlutleysi sé mikið eða mjög mikið. Tölurnar fyrir Ísland byggja á könnunarpönnun Félagsvísindastofnunar í nóvember/desember 2016.

(Heimild: PEW,2017 og BG 2016)

með ákveðnum fyrirvara. Það er vel þekkt og marggrannað fyrirbæri að stjórnmalafólk og pólítískt þenkjandi einstaklingar telja að umfjöllun fjölmiðla um stjórnmal sé jafnan andsnúin þeirra viðhorfum og hefur verið kallað fyrirbærið um fjandsamlega fjölmiðla (*The hostile media phenomenon*). En það er hins vegar full mikil


drambsemi að afskrifa þessi viðhorf með öllu – ekki síst þegar almenningur virðist deila þessum viðhorfum að einhverju leyti í það minnsta.

Umræða heppileg

Eflaust er engin einföld leið til að efla traust á blaðamennsku og fjölmiðlum,


og kannski ekki einu sinni víst að allir séu sammála því að það sé mikilvægt að efla þetta traust – upplýsingahlutverkinu sé best þjónað með því að blaðamenn taki afstöðu og upplýsi um mál út frá henni en haldi sig vita-skuld við staðreyndir máls. Hlutleysi sé hvort sem er goðsögn sem ekki sé til í veruleikanum. En hvernig sem þessi umræða velkist þá hljóta sjónir meðal annars að beinast að þeim faglegu viðmiðum sem verið hafa almenn og viðtekin í íslenski blaðamennsku. Í því samhengi vakna spurningar – sem undirritaður hefur raunar áður velt upp á þessum vettvangi – hvort tímabært sé að endurskoða einhverjar vinnureglur sem til þessa hafa verið taldar góðar og gildar? Í því sambandi má t.d. nefna eitt atriði, spurninguna um að fara af stað með frétt þar sem aðeins annað sjónarmið kemur fram og láta gott heita að önnur sjónarmið komi fram í framhaldsfréttum. Þetta hefur verið viðurkennd aðferð við dekkun mála, og aðalatriðið verið að umfjöllunin í heild – sem geti teygst yfir nokkra fréttatíma/ blöð eða jafnvel einhverja daga – sé í ákeðnu jafnvægi. Er það í lagi í þeim tvístraða fjölmiðlaheimi sem við búum við eða er orðið brýnna en fyrr að leggja meiri áherslu á að fá fram fleiri sjónarmið strax í fyrstu frétt sé þess nokkur kostur? Hvort sem menn telja brýnt að auka traust á blaðamennsku eða ekki og hvaða leiðir menn hugsanlega sjá til þess að gera það, þá er mikilvægt að blaðamenn velti þessum spurningum fyrir sér, því þær snerta sjálfan grundvöll starfsins, spurninguna sem verður sífellt erfiðara að svara: Hvað er að vera blaðamaður?

Frambjóðendur: fagleg sjónarmið ráða fréttamati um stjórn mála



Myndin sýnir samtölu fyrir viðhorf frambjóðenda í alþingiskosningum 2013, 2016 og 2017 og sveitarstjórnarkosningunum 2014. Fullyrðingin sem tekin var afstaða til var: Fréttamat landsdekkandi fjölmiðla varðandi stjórn mála byggist á almennum faglegum sjónarmiðum. (Heimild: BG)

Einkunnagjöf frambjóðenda um hlutleysi/hlutdrægni fjölmiðla



Meðaleinunn sem frambjóðendur í alþingiskosningum 2013, 2016 og 2017 gáfu fjölmiðlum fyrir hlutleysi/hlutdrægni. Einkunn 1= algerlega hlutlaus og einkunn 5= mjög hlutdrægur. Fjórir miðlar lengst til vinstri á myndinni voru ekki með í könnun 2013. (Heimild: BG)



Konur í fjölmiðlum – #metoo #fimmtavaldið

Í byrjun desember 2017 sendu 238 íslenskar fjölmiðlakonur frá sér yfirlýsingu í andi #metoo byltingarinnar og samtímis voru birtar fjölmargar reynslusögur um óþolandi kynbundna mismunun og kynferðisofbeldi sem hefur fengið að þrífast gagnvart konum í fjölmiðlum. Hér á eftir fer þessi yfirlýsing en lista með nöfnum allra kvennanna sem undir þetta skrifuðu og reynslusögurnar er hægt að finna á vef BÍ, press.is.

„Við lýsum yfir stuðningi við þær konur sem hafa þegar látið rödd sína hljóma og tekið þátt í þeirri byltingu sem nú á sér stað um allan heim þar sem konur taka höndum saman, konur í ákveðnum starfsstéttum standa saman og safna reynslusögum af kynferðislegri áreitni, óviðeigandi snertingum, óvelkomnum athugasemdum og þaðan af verra. Þannig er samt hversdagslegur veruleiki kvenna enn í dag, á 21. öldinni í samfélagi þjóðar sem jafnan er kennd við mesta kynjajafnrétti í heiminum. Við erum komin langt, en við þurfum að komast enn lengra.

Sú bylting sem nú stendur yfir hefur verið kennd við Weinstein-áhrifin eftir að konur fóru að greina frá kynferðis-

legri áreitni þessa áhrifamanns í Hollywood, #metoo. Hér á Íslandi voru konur í stjórnmálum fyrstar og sögðu sínar sögur með myllumerkinu #ískuggavaldsins. Konur í sviðslistum og kvikmyndagerð kenndu sig við myllumerkið #tjalldíofellur. Konur í fjölmiðlum vinna beinlínis við að koma upp um spillingu, segja frá ofbeldi og kúgun, ljóstra upp um leyndarmál sem skipta máli fyrir þjóðfélagið og borgara þess. Það er því ekki nema eðlilegt að við sameinaðar tökum þetta skref saman og sýnum samfélaginu öllu með hvernig viðmóti og hegðun við mætum í okkar vinnu.

Núverandi ástand er ekki boðlegt. Við krefjumst breytinga og skorum á íslenska fjölmiðla að taka meðfylgjandi frásagnir alvarlega, setja sér siðareglur varðandi áreitni og kynferðislegt ofbeldi, og fylgja þeim eftir. Gjarnan er talað um fjölmiðla sem fjórða valdið. Við komum hér saman undir formerkjum fimmta valdsins #fimmtavaldið. Sameinaðar höfum við áhrif.

Þær sem taka þátt í þessari áskorun hafa sett nafn sitt hér að neðan, ásamt nafni fjölmiðils sem þær starfa eða hafa starfað hjá. Auk þess hafa margar einnig deilt reynslusögum sem fylgja nafnlausar með.“



Baráttan við upplýsinga- mengun

Evrópusamband blaðamanna sátt við nýja skýrslu um viðbrögð í Evrópu

Á dögum kom út skýrsla sérfræðinganeftdar á vegum Framkvæmdastjórnar ESB og Evrópusambands blaðamanna (EFJ) um það hvernig hægt sé að bregðast við og berjast gegn því sem kallað hefur verið „falsfréttir“ eða „upplýsingamengun“ (*disinformation*). Stofnað var til vinnu þessarar sérfræðinganeftdar í janúar sl.

Að dómi Evrópusambands blaðamanna (EFJ) er talsverður fengur í þessari vinnu og lokaskýrslunni og hafa forustumenn sambandsins nefnt að ánægjulegt sé að vandinn skuli nú skilgreindur fyrst og fremst sem „upplýsingamengun“ frekar en „falsfréttir“ sem í raun sé frekar merkingarlítið orð sem Trump Bandaríkjaforseti hafi náð að koma inn í alþjóðlega umræðu. Í skýrslunni er upplýsingamengun skilgreind sem „rangar, ónákvæmar eða villandi upplýsingar sem eru hannaðar, settar fram og kynntar gagngert í hagnaðarskyni eða til þess villa um fyrir almenningi.“



Eftir
 Birgi Guðmundsson

Sjálfbært vistkerfi fréttamiðla

Ricardo Gutiérrez, framkvæmdastjóri EFJ, sat í sérfræðinganeftdinni og segir að niðurstaðan sé í raun málemiðlun ólíkra hagsmunaaðila, en engu að síður komi þar fram mikilvæg atriði og einna mikilvægust séu tillögur sem eiga að stuðla að fjölbreytni og sjálfbærni í vistkerfi evrópskra fréttamiðla. „Þarna er bent á að stjórnvöld þurfi afdráttarlaust að skilja að sjálfbær fjölmiðla- og blaðamannaumhverfi sé besta og mikilvægasta móteitrið gegn upplýsingamengun og þessum svokölluðu „falsfréttum“. Fagleg blaðamennska, rannsóknarblaðamennska

og aukið gegnsæi í stjórnsýslu og þar með aðgengi að stafrænum gögnum, eru nú mikilvægari en nokkru sinni fyrr,“ segir Ricardo Gutiérrez.

Vandinn á samfélagsmiðlum

Í vinnu sérfræðinganeftdarinnar var það afstaða EFJ að hefðbundnir fjölmiðlar gætu vissulega gert ýmislegt til að takmarka upplýsingamengun, en þessir miðlar væru fjarri því að vera meginvandamálið. Þvert á móti telur EFJ að áhersla hljóti að vera lögð á að skýra ábyrgð stóru samfélagsmiðlanna, s.s. Google, Facebook og YouTube varðandi það hvernig dreifing upplýsingamengunar á sér stað og hvernig óþrúttir aðilar hafa gert sér hana að féþúfu. Telur EFJ þannig að stofnanir ESB, einkum neytendaverndarstofnanir, þurfi að skoða vandlega viðskiptaleiðir á samfélagsmiðlum og hvernig auglýsingamöguleikar þar eru nýttir í þágu upplýsingamengunar.

Samráðsvettvangur

Þá lagði EFJ áherslu á það í þessari vinnu að á þeim samráðsvettvangi

ESB sem fengi umboð til að setja upp vinnureglur til að sporna við upplýsingamengun væru ekki einvörðungu fulltrúar fyrirtækja og ESB-stofnana hedur kæmu blaðamenn þar einnig að og hefðu raunveruleg áhrif. Niðurstaðan varð síðan sú að þetta fékkst fram með aðstoð talsmanna fjölmiðlafyrirtækjanna sjálfra. Það sem helst vakir fyrir EFJ í þessu er að geta haft áhrif á það hvernig vinnureglurnar (*Code of Practice*) yrðu úr garði gerðar þannig að ekki yrði gengið á réttindi og möguleika blaðamanna og fjölmiðla til að sinna skyldum sínum. Þetta er undirstrikað í lokaskýrslunni sjálfri en þar kemur fram að aðgerðir sem eiga að vinna gegn upplýsingamengun verði að vera nákvæmar og vel skilgreindar til að koma í veg fyrir að þær takmarki tjáningarfrelsi fyrir slysi.

Fimm stoðir

Nú þegar hafa sum ríki gripið til ýmissa lagalegra ráðstafana sem takmarka upplýsingamengun (Þýskaland og Frakkland) en að dómi EFJ hefur árangurinn af slíku verið umdeild ritskoðun. Þess í stað vill EFJ leggja til margþætta nálgun sem byggir á fimm stoðum, sem eru þessar:

- Í fyrsta lagi að auka gegnsæi varðandi fréttir á netinu, þannig að hægt sé með fullnægjandi hætti að senda inn athugasemdir og að hægt sé að grafast fyrir um hver dreifir eða hvernig þeim er dreift á netinu.
- Í öðru lagi þarf að stóruka upplýsingar sem stuðla að fjölmiðlalæsi almennings og hvernig beri að umgangast hið stafræna umhverfi.
- Í þriðja lagi þarf að þróa tæki og töl fyrir notendur og blaðamenn sem gera þeim kleift að takast á við upplýsingamengun í síbreytilegri tækniveröld.
- Í fjórða lagi þarf að tryggja fjölbreytni og sjálfbærni hins evrópska vistkerfis fréttamiðlunar.
- Í fimmta lagi þarf að tryggja áframhaldandi rannsóknir á áhrifum upplýsingamengunar þannig að hægt sé að meta hvort þær aðgerðir sem



A multi-dimensional approach to disinformation

*Report of the independent
High level Group on fake news
and online disinformation*

Communications
Networks, Content
and Technology

Forsíða skýrslunnar um upplýsingamengun og falskar fréttir.

gripið er til eru að virka og geta þá brugðist við breytingum ef þarf.

EFJ hafa sagst vera sérstaklega ánægð með nokkra þætti sem beinlínis eru lagðir til í niðurstöðum nefndarinnar. Þar á meðal er tillaga um að fundin verði leið til að tryggja fjármögnun sjálfstæðar og sjálfbærrar fagstéttar blaðamanna og að þar komi til greina að ríkisvaldið styrki „langtímaaðgerðir sem tryggi sjálfbærann rekstur í fjölbreyttu landslagi fréttamiðlunar“. Í þessu samhengi er meðal annars bent á möguleika á ýmis konar ríkisaðstoð, bæði það sem þegar er í

gangi en líka annað, meðal annars undanþágur frá virðisaukaskatti eða aðrar skattaívilnanir þar sem það á við. Tilgangurinn væri þá að styrkja faglega blaðamennsku og vinnslu ritstjórnarefnis sem ekki væri unnið í hagnaðarskyni.

Fagstétt blaðamanna

Þá nefnir EFJ sérstaklega áherslu á fagstétt blaðamanna, en fjölmiðlafyrirtæki eru hvött til að efla endurmenntun og búa blaðamönnum þau skilyrði, bæði hvað varðar tæknibúnað og þjálfun, sem þeir þurfa til að ástunda



Ricardo Gutiérrez, framkvæmdastjóri EFJ.

fagleg vinnubrögð. Jafnframt er það sérstakt ánægjufni hjá EFJ að í þeim hugmyndum sem uppi eru um sameiginlegar vinnureglur gegn upplýsingamengun eigi að taka sérstakt mið af síðareglum evrópskra blaðamannafélaga.

Sjálfbært kerfi – líka á Íslandi

Forustumenn EJV hafa nú í framhaldi af þessari skýrslu hvatt aðildarfélög sín, þar á meðal Blaðamannafélag Íslands, til að blanda sér í umræðu

um hvernig hægt sé að vinna að því að tryggja sjálfbært og fjölbreytilegt vistkerfi fyrir fréttamiðla. Það megi m.a. gera með því að taka þátt í og blanda sér í samtöl um stöðu fjölmiðla og rekstrargrundvöll þeirra. Þannig megi t.d. beita sér fyrir þríliða viðræðum ríkisvalds, útgefenda og blaðamanna um hvernig tryggja megi sjálfbært fjölmiðlaumhverfi.

Hér á landi hefur þessi umræða

einmitt verið nokkuð áberandi upp á síðkastið í kjölfar skýrslu nefndar um rekstrarvanda einkarekinna fjölmiðla. Opinberar yfirlýsingar hafa gengið um að þessar tillögur verði skoðaðar og eftir því sem næst verður komist gerði Blaðamannafélagið sitt til að hafa áhrif á þær. Mikilvægt er að Blaðamannafélagið komi að þessu borði hér á landi, líkt og EFJ hefur gert tillögu um.



Frá kynningu skýrslunnar.

Hvað þýðir hvað?

Af gefnu tilefni þykir ástæða til þess að rifja upp hvað sé átt við með hugtökunum „on record“ eða „off record“. Flestir blaðamenn nota þetta og fleiri hugtök meira og minna daglega, enda er hér um að ræða alþjóðlegt tungutak sem hefur alveg sérstaka merkingu. Til áréttingar og fróðleiks fyrir nýja félaga er ekki úr vegi að rifja upp þessi helstu alþjóðlegu hugtök, en fjögur hugtök (úr ensku) eru yfirleitt notuð um samskipti við heimildarmenn og viðmælendur:

- 1. On the record** (hafa eftir e-m): Allt sem sagt er gæti verið notað í fréttina og hver sagði hvað. Fullt nafn viðmælanda og hver tengsl hans við málið eru.
- 2. Off the record** (í trúnaði): Blaðamaðurinn/fréttamaðurinn getur ekki notað þessar upplýsingar – hvorki með því að vísa til heimildarmanns eða með því að vísa ekki til hans. Blaðamaðurinn getur hins vegar notað upplýsingarnar til að halda áfram að rannsaka mál eftir öðrum leiðum.

- 3. On background** (hafa ekki eftir e-m): Hægt er að nota það sem sagt er – líka sem beina tilvitnun – án þess þó að nafngreina þann mann sem verið er að vitna í. Venjan er þá að benda á hversu mikið viðkomandi tengist málinu.
- 4. On deep background** (hafa alls ekki eftir): Mjög viðkvæmt að tengja heimildarmanninn við þessar upplýsingar og ekki má vitna beint í hann. Upplýsingunum má hins vegar koma á framfæri, en án þess að bera heimildina fyrir því. Hægt að fá staðfestingu annars staðar.

Rétt er að undirstrika að þessi hugtök hafa enga formlega lagalega stöðu eða hafa fengið afgreiðslu hjá einhverri formlegri stofnun eða aðila í samfélaginu. Hins vegar er hér um að ræða alþjóðlegan skilning blaðamanna, sem gildir að sjálfsögðu um íslenska blaðamenn jafnt sem aðra.

Orlofshús

Blaðamannafélags Íslands



Sumarhús í Brekku, á Akureyri og í Stykkishólmi

Umsóknir um sumarhús BÍ skulu hafa borist skrifstofu félagsins í síðasta lagi föstudaginn 11. apríl.

Sækja skal um á orlofsvef [Blaðamannafélagsins](http://Orlofshus.press.is) og einnig má senda póst á orlofshus@press.is.

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu BÍ www.press.is.

Nánari upplýsingar á skrifstofu BÍ, Síðumúla 23, sími 553 9155.

Alltaf hagstæð leiga

Vikugjald fyrir fullgilda félag í BÍ verður kr. 20.000 í Litlu-Brekku og Stóru-Brekku,

kr. 25.000 á Akureyri og kr. 30.000 fyrir Stykkishólm.

Gjaldið greiðist við staðfestingu úthlutunar. (Heimilt er að greiða með Visa/Euro.)

Stóra-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- 1. vika: 1. júní – 8. júní
- 2. vika: 8. júní – 15. júní
- 3. vika: 15. júní – 22. júní
- 4. vika: 22. júní – 29. júní
- 5. vika: 29. júní – 6. júlí
- 6. vika: 6. júlí – 13. júlí
- 7. vika: 13. júlí – 20. júlí
- 8. vika: 20. júlí – 27. júlí
- 9. vika: 27. júlí – 3. ágúst
- 10. vika: 3. ágúst – 10. ágúst
- 11. vika: 10. ágúst – 17. ágúst
- 12. vika: 17. ágúst – 24. ágúst
- 13. vika: 24. ágúst – 31. ágúst

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Litla-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- 1. vika: 1. júní – 8. júní
- 2. vika: 8. júní – 15. júní
- 3. vika: 15. júní – 22. júní
- 4. vika: 22. júní – 29. júní
- 5. vika: 29. júní – 6. júlí
- 6. vika: 6. júlí – 13. júlí
- 7. vika: 13. júlí – 20. júlí
- 8. vika: 20. júlí – 27. júlí
- 9. vika: 27. júlí – 3. ágúst
- 10. vika: 3. ágúst – 10. ágúst
- 11. vika: 10. ágúst – 17. ágúst
- 12. vika: 17. ágúst – 24. ágúst
- 13. vika: 24. ágúst – 31. ágúst

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Akureyri

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- 1. vika: 1. júní – 8. júní
- 2. vika: 8. júní – 15. júní
- 3. vika: 15. júní – 22. júní
- 4. vika: 22. júní – 29. júní
- 5. vika: 29. júní – 6. júlí
- 6. vika: 6. júlí – 13. júlí
- 7. vika: 13. júlí – 20. júlí
- 8. vika: 20. júlí – 27. júlí
- 9. vika: 27. júlí – 3. ágúst
- 10. vika: 3. ágúst – 10. ágúst
- 11. vika: 10. ágúst – 17. ágúst
- 12. vika: 17. ágúst – 24. ágúst
- 13. vika: 24. ágúst – 31. ágúst

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Stykkishólmur

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- 1. vika: 1. júní – 8. júní
- 2. vika: 8. júní – 15. júní
- 3. vika: 15. júní – 22. júní
- 4. vika: 22. júní – 29. júní
- 5. vika: 29. júní – 6. júlí
- 6. vika: 6. júlí – 13. júlí
- 7. vika: 13. júlí – 20. júlí
- 8. vika: 20. júlí – 27. júlí
- 9. vika: 27. júlí – 3. ágúst
- 10. vika: 3. ágúst – 10. ágúst
- 11. vika: 10. ágúst – 17. ágúst
- 12. vika: 17. ágúst – 24. ágúst
- 13. vika: 24. ágúst – 31. ágúst

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Nefnið fleiri en eina viku til þess að auðvelda úthlutun!

Stór stund í New York

– eftir Jóhannes Kr. Kristjánsson

Þegar ég sat á skrifstofunni í fyrirtækinu hans þabba heitins og tvíbura-bróður hans, þrettán ára gamall, árið 1985 og pikkaði inn texta á ritvélina í Duran Duran blaðið hafði ég, held ég, aldrei heyrt um Pulitzer verðlaunin. Ég nostraði á frumstæðan hátt við hverja síðu í blaðinu. Ég þurfti fyrst að finna ljósmynd sem mér líkaði af bassaleikaranum John Taylor og klippa hana út úr Bravo blaðinu. Þá límdi ég myndina á A-5 blað, ljósritaði, setti blaðið í ritvélina og skrifaði textann í kringum myndina. Mér mistókst oft og þurfti mörgum sinnum að byrja upp á nýtt. Að lokum tókst mér að búa til 8 síðna blað í stærðinni A-5, ljósritað í brúnum lit og mig minnr að eintökin hafi verið 50 sem ég braut saman og allt upplagið var á útsöluverði – 25 krónur stykkið. Duran Duran blaðið seldist upp og þarna fékk ég áhuga á blaðamennsku. Ári síðar var ég í heima-vistarskóla og kom mér í ritnefnd skólablaðsins þar sem ég skrifaði, tók

ljósmyndir og lærði á umbrotsforritið Page Maker í Machintosh Plus tölvunni. Þar fékk ég blaðamannabakteríuna og leiðin var lögð.

Ég sagði þessa sögu í gleðskap á Manhattan í New York eftir að hafa verið viðstaddur afhendingu Pulitzer verðlaunanna fyrr um daginn þegar ICIJ fékk verðlaunin – 32 árum eftir að Duran Duran blaðið seldist upp. Allir í partýinu rifjuðu upp svipaðar sögur frá því þau voru að stíga sín fyrstu skref í blaðamennsku. Bastian Obermayer, yfirmaður rannsóknarteymis þýska dagblaðsins Süddeutsche Zeitung, sagði í sinni ræðu að þegar hann hefði byrjað í blaðamennsku hafi hann ætlað sér að verða íþróttablaðamaður svo hann fengi frítt á alla fótboltaleiki. Á þeim tíma hefði hann aldrei hugsað um Pulitzer verðlaunin og hvað þá velt því fyrir sér að einn daginn myndi hann standa á sviði í Columbia háskólanum og taka við þessum virtustu verðlaunum í heimi blaðamenskunnar.

„Það rignir hressilega. Hittumst í anddyrinu en ekki á tröppunum. Sjáumst klukkan 11.15.“ Þetta voru skilaboðin frá Marinu Walker, aðstoðarframkvæmdatjóra ICIJ, alþjóðasamtaka rannsóknarblaðamanna, til þeirra sem áttu að mæta á verðlaunafhendingu Pulitzer verðlaunanna í New York í maí í fyrra. Ég var á hóteli í Upper West Side hverfinu og eftir að hafa fengið mér stóran og góðan kaffibolla ásamt smjörblautu Croissant gekk ég í rigningunni eftir Amsterdam breiðgötunni í áttina að Columbia háskólanum þar sem athöfnin átti að fara fram. Ég hitti hópinn minn á tröppunum fyrir utan bókasafnsbygginguna og eftir myndatöku í rigningunni var okkur vísað í sal stútfullan af snittum. Tilnefndir blaðamenn, ritstjórnarar, útgefendur og vinir og ættingjar tilnefndra streymdu í salinn og allir voru léttir í skapi. Því næst var okkur vísað í salinn þar sem athöfnin fór fram. Boðið var upp á forrétt, steik og eftirrétt. Undir matnum hélt Eugene Robinson, formaður verðlaunaneftdarinnar, erindi um Pulitzer verðlaunin og að því loknu tók verðlaunaafhendingin við þar sem rektor háskólans stóð í pontu og kynnti verðlaunahafa á svið.

Tuttugu og einn flokkur

Veitt eru verðlaun í fjórtán flokkum fyrir blaðamennsku; almannapjónustu, stófrétt, rannsóknarblaðamennsku, umfjöllun, staðbundna frétt, frétt á landsvísu, fréttaskýringu, dálkahöfund, gagnrýni, ristjónarskrif, teiknimynd, fréttaljósmynd og ljósmynd. Það eru einnig veitt verðlaun fyrir



Verðlaunagripurinn fellur vel í hendi.

Ljósmynd: Jóhannes Kr.



Hópurinn stillti sér upp eftir afhendingu verðlaunanna.

Ljósmynd: Scilla Alecci/ICIJ.

skáldverk, leikrit og tónlist í sjö flokkum; skáldsaga, leikrit, sagnfræði, ævisaga, ljóð, rit almenns eðlis og tónlist.

Það var stór stund hjá okkur öllum þegar kom að verðlaunaafhendingunni fyrir umfjöllun ársins. Verðlaunagripurinn er ekki stór – glerstytta sem er rétt stærri en lófi manns. En merkileg er hún og skiptir sköpum, sérstaklega fyrir bandaríska blaðamenn eða fjölmiðla sem hljóta þessa viðurkenningu.

Tilnefningar og verðlaun skipta máli

Ég man vel eftir því þegar ég var fyrst tilnefndur til verðlauna Blaðamannafélags Íslands í rannsóknarblaðamennsku árið 2005 fyrir umfjöllun fréttaskýringaþáttarins Kompáss á Stöð 2 um læknaðóp. Þrátt fyrir að ég hafi ekki unnið til verðlauna þá var tilnefningin mikil hvatning fyrir mig. Og það sama má segja um þær sjö tilnefningar og þrenn verðlaun sem ég

hef hlotið á vegum Blaðamannaélagsins – þetta var og er mikil hvatning fyrir mig og mín störf í blaðamennsku.

„Peir“ taka ekki af þér verðlaunin

Gerard Ryle, framkvæmdastjóri ICIJ, segir verðlaun til blaðamanna fyrir

þeirra verk skipta máli. „Hvern einasta blaðamann í heiminum dreymir um það að vinna Pulitzer verðlaun í blaðamennsku. Þetta eru þekktustu blaðmannaverðlaun í heiminum. Við höfum hundruð blaðamanna um allan heim sem unnu saman að Panama-skjölunum og við tileinkum þeim öllum



Gerard Ryle, framkvæmdastjóri ICIJ, stoltur með verðlaunagripinn ásamt Frederik Obermaier, Bastian Obermayer og greinarhófundu.

Ljósmynd: Scilla Alecci/ICIJ.



Dean Baquet, aðalritstjóri New York Times.

Ljósmynd: Jóhannes Kr.

Þessa viðurkenningu. Einn af læri-meisturum mínum kenndi mér fyrir löngu síðan að „þeir“ geti tekið frá þér marga hluti en „þeir“ geta aldrei tekið af þér verðlaunin sem þú hlýtur fyrir blaðamenskuna. Ég hlæ þegar ég segi þetta, en það er smá sannleikur í þessu, jafnvel þótt ég hafi aldrei komist að því hverjir „þeir“ séu,“ segir hann hlæjandi.

Aðalritstjóri New York Times

Í snittuboðinu fyrir Pulitzer verðlauna-

afhendinguna sá ég Dean Baquet, aðalritstjóra New York Times, og rauk á hann eins og góðum Íslendingi sæmir. Ég spurði hann hvaða þýðingu verðlaunin hefðu fyrir blaðamenskuna í Bandaríkjunum. „Pulitzer verðlaunin eru mikilvæg hefð í amerískri blaðamenskuna og þau hvetja frábæra blaðamenn til enn betri verka. Einu sinni á ári koma bestu blaðamenn Bandaríkjanna saman á þessari athöfn til að gleðjast og fagna störfum hver annars og það er mikilvægt og hvetur aðra blaðamenn áfram,“ sagði

Dean og spurður hvað New York Times hefði unnið til margra verðlauna í heildina svaraði hann; „Ég er búinn að missa töluna á því en ég get stoltur sagt að New York Times hefur unnið flest Pulitzer verðlaun í Bandaríkjunum,“ sagði Dean en blaðið hefur unnið til 122 Pulitzer verðlauna frá árinu 1918.

Skiptir miklu máli fyrir ICIJ

Gerard Ryle, framkvæmdastjóri ICIJ, segir Pulitzer verðlaunin skipta sköpum fyrir samtökin. „Pulitzer verðlaunin eru mjög mikilvæg fyrir ICIJ og mikil viðurkenning á starfi okkar. Þrátt fyrir að samtökin hafi verið starfandi í nær 20 ár þá er það nýtt módel hjá okkur að ná hundruðum blaðamanna til að vinna saman að sömu fréttinni. Af þessum sökum er staða okkar í heimi blaðamenskunnar tiltölulega ný en við komum inn af miklum krafti. Pulitzer verðlaunin vekja athygli á þessari nýju aðferð sem erfitt verður að horfa framhjá og vonandi mun þessi viðurkenning leiða til frekari samstarfsverkefna ICIJ og blaðamanna um allan heim í mikilvægum fréttum,“ segir Gerard og minnst þess þegar hann sá Pulitzer verðlaunagrip í fyrsta sinn. „Eftir að ég sótti um stöðu framkvæmdastjóra ICIJ fór ég í atvinnuviðtal á ritstjórnarskrifstofum Washington Post og hitti Bill Kovach, sem er einn reyndasti blaðamaður Bandaríkjanna

Blaðakóngurinn sem gaf

Joseph Pulitzer arfleiddi Columbia háskólann í New York að tveimur milljónum dollara árið 1892 sem skyldu notaðir til þess að stofna blaðamannadeild innan háskólans og að árlega skyldu veitt verðlaun fyrir framúrskarandi blaðamenskuna í Bandaríkjunum. Það var ekki fyrr en árið 1912 sem blaðamannadeild Columbia háskólans var stofnuð og árið 1917 voru fyrstu Pulitzer verðlaunin veitt, sex árum eftir dauða Joseph Pulitzer.

Joseph Pulitzer er af mörgum talinn einn merkasti blaðaútgefandi bandaríkjanna. Hann var útgefandi dagblaðanna St. Louis Post-Dispatch og The



Joseph Pulitzer gaf út dagblöðin St. Louis Post-Dispatch og The World.

World og er talinn upphafsmaður að hinni svokölluðu gulu pressu þar sem allt gengur út á fréttir um fræga fólkið. Pulitzer lagði einnig mikla áherslu á að blöð hans skrifuðu um spillingu innan sjónmálanna og viðskipta, sérstaklega eftir baráttu við blaðakónginn William Randolph Hearst þar sem allt gekk út á að selja blöð með sverum fyrirsögnum af fræga fólkinu. Eftir baráttu blaðakónganna tveggja lagði Pulitzer áherslu á gagnrýna blaðamenskuna og lagði minni áherslu á gulu pressuna. Síðustu ár ævinnar átti Pulitzer við mikil veikindi að stríða og bjó í einangrun á snekkju þar sem hann lést árið 1911.



Upphaf Panamaskjalanna má rekja til þessara blaðamanna þýska blaðsins Süddeutsche Zeitung. F.v. Vanessa Wormer, Bastian Obermayer, Frederik Obermaier og Wolfgang Krach, aðalritstjóri blaðsins. Ljósmynd: Scilla Alecci/ICIJ.

og einn af stofnendum ICIJ og nú mikilvægur ráðgjafi okkar. Bill er góður vinur Bob Woodward, annars blaðamannanna sem vann Watergate-fréttirnar, og Bill vildi koma honum á óvart og dró mig með. Ég hafði aldrei hitt Bob Woodward og reyndi að leyna eftirvæntingunni sem skein úr andliti mínu yfir því að ég væri að fara að hitta þennan fræga blaðamann. Því miður þá var Bob ekki á skrifstofunni sinni en þar sá ég ýmsa verðlaunagripa sem hann hefur fengið í gegnum langa starfsævi og þar með talið Pulitzer verðlaunin sem hann og Jake Bernstein fengu fyrir Watergate-fréttirnar. Þar sem ég stóð og virti verðlaunin fyrir mér hugsaði ég með sjálfum mér; „Humm, mig langar í svona verðlaun“. Og ég þáði starfið.“

Varð hræður

Bastian Obermayer, sem fékk tölvupóstinn frá „John Doe“ sem svo varð upphafið að Panamaskjölunum, segir verðlaun til blaðamanna fyrir þeirra vinnu skipta miklu máli, en blaðið hefur hlotið fjölmörg verðlaun fyrir Panamaskjölin. „Allt starfsfólk Süddeutsche Zeitung er stolt af þessum verðlaunum, þrátt fyrir að við höfum ekki unnið verðlaunin tæknilega séð þar sem aðeins bandarískir fjölmiðlar geta unnið. En sem útlendir blaðamenn gátum við unnið og fyrir Frederik og mig var það ótrúleg tilfinning. Þessi verðlaun skipta mig miklu máli og eru mikil viðurkenning fyrir alla vinnuna, allar næturnar sem við unnum, stressið og hræðsluna. Þetta er það ótrúlegasta sem ég hef upplifað fyrir utan fæðingu barnanna

minna,“ segir Bastian og bætir við. „Þetta var frábær dagur. Allir starfsmenn ICIJ voru við athöfnina ásamt örfáum blaðamönnum sem unnu mikilvægustu fréttirnar úr Panamaskjölunum. Mér leið eins og ég væri að hitta gamla skólafélaga og að allur bekkurinn hafi unnið ótrúleg verðlaun. Á athöfninni hitti ég líka marga mjög merkilega blaðamenn sem maður hefur fylgst með í gegnum tíðina með mikilli aðdáun. Um kvöldið slógum við upp veislu þar sem allir héldu stutta ræðu og ég lýg því ekki – nokkrum sinnum var ég nærri því farinn að gráta. Ég veit – þetta er fáránlegt en ég var virkilega hræður á þessari stundu. Ég meina – þetta byrjaði allt með nafnlausum tölvupósti sem ég fékk og þarna vorum við – í New York – að taka við Pulitzer verðlaununum.“

Óljós og van- reifuð kæra

Úrskurður í máli 6/2016-2017.

Kærandi:

Jakob Jakobsson.

Kærður:

Óvíst.

Kæruefni:

Frétt í sjónvarpi.

Málsmeðferð

Kæran er dagsett 28. nóvember 2016. Hún var tekin fyrir á siðanefndarfundum 20. desember 2016 og 5. janúar 2017.

Málavextir

Kærandi greinir frá því, að í frétt sem flutt var í sjónvarpi daginn áður, hafi kona, sem tekin var tali í Reykjanessbæ, greint frá því að hún hafi brennst í hálsi vegna innöndunar frá kísilverksmiðju, sem staðsett er stutt frá heimili kæranda. Telur kærandi sig vera sleginn yfir því að „svona frétt skuli hafa verið sett í loftið án þess að ígrundað væri hvaða afleiðingar slíkt kynni að hafa í för með sér.“

Umfjöllun

Ekki kemur fram í kærinni að hverjum

hún beinist. Siðanefnd telur kærana jafnframt vanreifaða og kæruefnið óljóst. Óhjákvæmilegt er að vísa henni frá Siðanefnd.

Úrskurður

Máli 6/2016-2017 er vísað frá.

Reykjavík 5. janúar 2017,
 Björn Vignir Sigurpálsson,
 Hjörtur Gíslason,
 Ásgeir Þór Árnason,
 Friðrik Þór Guðmundsson,
 Jóhannes Tómasson.

Mál í dómssmeðferð og vísað frá

Mál nr. 7 2016/2017.

Kærandi:

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. fyrir hönd Guðmundar Spartakus Ómarssonar.

Kærði:

Atli Már Gylfason, Stundinni.

Kæruefni:

Ummæli á Twitter.

Málsmeðferð

Kæran var send af lögmanni kæranda og er dagsett 27. febrúar 2017. Kæran var tekin fyrir á siðanefndarfundum 3. maí 2017.

Málavextir

Kærandi heldur því fram að ummæli sem kærði sendi kæranda á Twitter þann 10. febrúar 2017, þar sem segir: „...hvernig væri nú að hjálpa til við að upplýsa mannhvarf í stað þess að standa í lögsóknum eins og aumingi?“ feli í sér brot á siðareglum, 1., 3. og 4. gr. Í kærnu segir að kærði hafi farið mikinn í umfjöllun um kæranda í fréttalutningi og viðhaft þar ummæli og kærði muni „þurfa að svara fyrir þá umfjöllun fyrir dómstólum“.

Umfjöllun

Vilhjálmur Hans, lögmaður kæranda, segir í kærinni:

„Atli Már hefur farið mikinn í umfjöllun sinni um umbj. minn í fjölmiðlum á undanförunum vikum þar sem hann hefur sakað umbj. minn um mannrán, fíkniefnasmygl ásamt því að ýja að því að honum stafaði hætta af umbj. mínum. **Atli Már mun þurfa að svara fyrir þá umfjöllun fyrir dómstólum.**

Kæran eins og hún liggur fyrir siðanefnd er því afmörkuð við hvort að það samrýmist siðareglum Bláðamannafélags Íslands að blaðamaður kalli mann sem hann hefur

verið að fjalla um sem blaðamaður aumingja á netinu. Að mati kæranda er augljóst að svo er ekki“.

Í 16. gr. vinnureglna síðanefndar BÍ segir: „Sé óafgreiddu kærumáli fyrir síðanefnd skotið til dómstóls, visar nefndin málinu samstundis frá, á hvaða stigi sem málið kann að vera innan síðanefndar“.

Með vísan til ofangreindra ummæla lögmanns kæranda í kæru er ljóst að efnisatriði skotið til dómstóla. Síðanefnd úrskurðar að lögmaðurinn og skjólstæðingur hans standi nú í slíkum málaferlum fyrir dómstólum gegn hinum kærða blaðamanni, fjölmiðli hans og öðrum fjölmiðlum, að þau, vegna eðlis og umfangs, verði ekki skillin frá innsendri kæru til síðanefndar. Burt séð frá því hvort hin

kærðu ummæli séu hluti af tédum dómsmálum eða ekki eru tengslin þarna á milli slík að það væri gegn anda 16. gr. vinnureglna síðanefndar að taka málið til efnislegrar umfjöllunar. Síðanefnd telur hafið yfir vafa að ofangreindri vinnureglu hafi verið komið á til að koma í veg fyrir að kær- endur væru samtímis að sækja að blaðamönnum/fjölmiðlum fyrir dóm- stólum og fyrir síðanefnd BÍ. Síða- nefnd telur að svo hátti til hér og beri því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá.

Aukin heldur beinist kæran að um- mælum einstaklings á Twitter, sem síðanefnd fær ekki séð að tengist fag- legum störfum einstaklingsins sem blaðamaður – þau eru ekki hluti af rit- stjórnarstörfum hans heldur tjáning einstaklings á samskiptamiðli. Um

Twitter hlýtur hið sama að gilda og Facebook; þar sem einstaklingar nýta sér tjáningarfrelsi sitt og færsla tengist ekki ritstjórnarstörfum þá eru slík um- mæli ekki innan lögsögu síðanefndar BÍ. Öðruvísi myndi háttá til ef viðkom- andi Facebook-síða eða Twitter-reikn- ingur væru sérstaklega beintengd við fjölmiðil og ummæli á slíkum vettvangi þá beintengd ritstjórnarstörfum.

Úrskurður

Máli nr. 7/2016-2017 er vísað frá.

Reykjavík, 3. maí 2017,
Björn V. Sigurpálsson,
Hjörtur Gíslason,
Friðrik Þór Guðmundsson,
Ásgeir Þór Árnason,
Jóhannes Tómasson.

Fréttastofa Stöðvar 2 ekki brotleg

Mál nr. 8 2016/2017.

Kærandi:

Barnsmóðir Ólafs William Hand.

Kærði:

365 miðlar/Fréttastofa Stöðvar 2.

Kæruefni:

Umfjöllun og viðtal við Ólaf William Hand um tálmanir í umgengismálum í fréttatíma og dægurmálaþætti Stöðvar 2 þann 20. febrúar og vísun til þess nokkra daga á eftir.

Málsmeðferð

Kærandi sendi síðanefnd kæru sína með bréfi dags. 16. mars 2017. Síðanefnd ræddi hana á fundum sínum 27. mars, 3. maí, 18. maí og 23. maí.

Málavextir

Kærandi, sem er barnsmóðir viðmæl- andans, Ólafs, rekur málavexti og efnisatriði viðtalsins og sendi nefnd- inni allmörg fylgiskjöl. Er þess krafist að síðanefnd komist að þeirri nið- urstöðu að fjölmiðillinn hafi framið alvar- legt eða mjög alvarlegt brot á síða- reglum félagsins.

Kærandi segir meðal annars í bréfi sínu til síðanefndar:

„Eins og mál þetta blasir við barns- móður, kvartanda í máli þessu til síða- nefndar Blaðamannafélags Íslands, voru öll efnisatriði fréttarinnar og við- talsins röng og sum beinlínis upplogin enda gerði Stöð 2 enga tilraun til að fá hennar hlið málsins og sýndi síðar engan áhuga á að fá hennar hlið.“

Kærandi segir að Sindri Sindrason hafi hringt í sig að kvöldi mánudags 20. febrúar og tilkynnt henni að barns- faðir hennar yrði í fréttunum um kvöldið og ef kærandi vildi koma með yfirlýsingu hefði hún 20 mínútur til þess. Kærandi fékk vinkonu sína, sem hún segir vera lögfræðing og hafa starfað sem fréttamaður, til að hafa samband við Stöð 2. Vinkonan náði þar í Kristínu Þorsteinsdóttur aðalritstjóra og tjáði henni að full- yrðingar viðmælandans Ólafs væru rangar. Viðbrögð Kristínar hafi verið að kærandi skyldi horfa á innslagið.

Rakið er að í umfjölluninni kæmi fram að viðmælandinn hefði sætt umgengnistálmunum í tíu ár af hálfu barnsmóður sinnar og að það hafi



jafnframt komið fram í kynningu í fréttatímanum að það sem Ólafur hafi sagst hafa orðið fyrir af hálfu barnsmóður væri alvarlegt þjóðfélagsmeið sem sjónvarpsáhorfendur fengju nú að heyra sannleikann um. Kærandi telur að verulegar brotalamir hafi verið á því að blaðamenn fullnægðu skilyrðum 3. gr. siðareglu BÍ um að vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu: Nauðsynlegri upplýsingaöflun hafi ekki verið sinnt, fréttin hafi byggst á röngum upplýsingum, lög um vernd persónuupplýsinga hafi verið brotin og brotin hefði verið 3. gr. siðareglu um að sýna fyllstu tillitssemi í vandasömum málum og að forðast umfjöllun sem gæti valdið saklausu fólki óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Daginn eftir umfjöllun Stöðvar 2 hafi lögmaður kæranda leitast við að ná sambandi við Kristínu Þorsteinsdóttur aðalritstjóra, móðir sín hefði sent Kristínu tölvupóst og lögmaðurinn sent tölvupóst 27. febrúar til Sindra Sindrasonar sem hefði svarað því að hann myndi biðja Kristínu að vera í sambandi við lögmanninn. Þar sem þessu hefði í engu verið svarað sæi kærandi sér ekki annarra kosta völ en að kæra málið til að fá úr því skorið hvort þessi vinnubrögð samrýmdust siðareglum félagsins.

Lögmaður Stöðvar 2 setur fram sjónarmið fyrir hönd fjölmiðilsins í bréfi til siðanefndar 28. apríl. Segir hann kröfu 365 miðla hf. þá að komist verði að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn siðareglum BÍ vegna viðtalsins. Umfjöllunin hafi ekki verið framsetning blaðamanns á frétt heldur viðtal við mann sem telji á sig hallað í samfélaginu. Í bréfi lögmannsins kemur eftirfarandi fram:

Það er mikilvægt að hafa í huga að í viðtölum er það ekki hlutverk blaðamanns eða spyrils að setja upp einhvers konar réttarhöld eða málstofu,

þar sem tveir aðilar geta komið sínum sjónarmiðum á framfæri, hvor í kapp við annan. Fjölmiðlar hafa hins vegar ríkar skyldur að mati fréttastofu 365 til að tryggja að andlag umfjöllunar geti brugðist við og komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Í þessu máli var sú skylda uppfyllt, þó kærandi hafi ekki kosið að nýta sér hana.

Þá segir í bréfi lögmannsins að reynt hafi verið að fara eins varlega og hægt var, kærandi eða barnið hafi ekki verið nafngreind eða myndir birtar. Meirihluti viðtalsins fari í umfjöllun um kerfið og hvernig það hafi brugðist við frekar en um samskipti aðila.

Umfjöllun

Siðanefnd mun í úrskurði þessum ekki rekja nema að litlu leyti umfjöllun sína um kæratriði eða viðbrögð kærða við þeim. Umgengnismál, barnaverndarmál og önnur slík mál er varða persónuleg og náin samskipti einstaklinga og fjölskyldna eru afar vandmeðfarin.

Í ágreiningsmáli kæranda og viðmælandans er tekist á um hvort umgengnisréttur föður hafi verið virtur eða hvort barnsmóðir hafi tálmað umgengni. Umrætt viðtal snýst annars vegar um meinta tálmun og hins vegar almennt um það hvernig foreldri sem beitt er tálmun getur beitt kvörtun til sýslumanns. Einnig lýsir viðmælandinn hvernig mál hans hafi „velkst um í kerfinu“. Hann viti ekki hvort við sýslumannsembætti sé að sakast „eða kerfið“.

Ljóst er að kærandi telur á sér brotið í ýmsum atriðum þar sem aðeins önnur hlið málsins hafi komið fram en ekki hlið kæranda. Í viðtalinu kemur fram gagnrýni viðmælandans á stjórnvöld og það álit hans að þau dragi fremur taum þess sem tálmar umgengni en þess sem telur sig verða fyrir tálmun. Einnig gagnrýnir

hann barnsmóður sína fyrir að hindra umgengni sína við barnið. Í fréttinni og viðtalinu er fjallað um afar viðkvæmt mál en engu að síður mikilvægt enda varðar það gagnrýni á stjórnvöld og fellst siðanefnd á að slík umfjöllun eigi erindi þó að það snerti öðrum þræði viðkvæmt mál einstaklinga. Þegar hið meinta tálmunarmál komi til umræðu í viðtalinu gagnrýnir viðmælandinn kæranda með eigin orðum og telur siðanefnd fjölmiðilinn ekki brotlegan í því atriði þótt þar komi aðeins fram önnur hlið málsins. Siðanefnd telur að þess verði ekki krafist að andstæðum sjónarmiðum séu ávallt gerð skil í sömu frétt/umfjöllun í sömu útsendingu.

Telur siðanefnd því að Stöð 2 teljist ekki brotleg við siðareglur.

Kærandi bendir á að erindum bæði lögmanns síns og móður sinnar vegna umfjöllunarinnar sem beint var til Stöðvar 2 þann 21. febrúar og 27. febrúar hafi ekki verið svarað. Vegna þessa atriðis vill siðanefnd taka fram að hún telur það lítilsvirðingu við kæranda og talsmenn hans að tölvupóstum eða símtölum þeirra í kjölfar umræddrar umfjöllunar skuli ekki hafa verið svarað, meðal annars í ljósi þess að kæranda var boðið að koma að sínum sjónarmiðum við umfjöllun um málið. Telur siðanefnd slík vinnubrögð aðfinnsluverð en að ekki sé til efni til að telja að þetta atriði eitt og sér varði við siðareglur.

Úrskurður

365 miðlar/Fréttastofa Stöðvar 2 teljast ekki brotleg í máli nr. 8/2016-2017.

Ásgeir Þór Árnason,
Björn Vignir Sigurpálsson,
Friðrik Þór Guðmundsson,
Hjörtur Gíslason,
Jóhannes Tómasson.



Utan verksviðs siðanefndar

Úrskurður máls 1/2017-18.

Kærandi:

Bórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.

Kærðu:

Ábyrgðarmenn Morgunblaðsins.

Kæruefni:

Ummæli í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 21. maí 2017.

Málsmeðferð

Kæran var send með tölvupósti á skrifstofu BÍ þann 22. maí 2017. Kæran var tekin fyrir á siðanefndarfundum 23. maí og 6. júní.

Málavextir

Kærandi kærir ábyrgðarmenn Morgunblaðsins fyrir brot á 3. grein siðareglna BÍ. Skrifin eru nafnlaus, en ábyrgðarmenn útgáfunnar eru Davíð Oddsson og Haraldur Johannesen, ritstjórar Morgunblaðsins. Kærð eru ummælin „Af hverju var tómið þarna ekki notað til að ræða þrálátan orðróm um tengsl Kjarnans við „kröfuhafana“ og stóreiganda sem umfram aðra virðist hafa verið með stórfé í Panama af skattalegum ástæðum?“

„Tómið“ sem vísað er í er sjónvarpsþátturinn Kjarninn sem kærandi stýrir ásamt aðstoðarritstjóra Kjarnans. Kærandi telur ómögulegt að skilja framsetningu bréfitara Reykjavíkurbréfsins með öðrum hætti en að „þrálátur“ orðrómur sé um að Kjarninn sigli undir fölsku flaggi og gangi erinda „kröfuhafa“ án þess að það sé opinberað og sé því að blekkja

lesendur sína. Þetta sé rangt og um alvarlegan atvinnuróg að ræða sem byggður sé á engu. Um sé að ræða „mjög alvarlegt brot sem getur haft víðtækar afleiðingar“.

Umfjöllun

Uppbygging siðareglna BÍ, breytingar sem á þeim hafa verið gerðar og forðæmisgefandi úrskurðir siðanefndar bera með sér að siðareglunum BÍ er fyrst og fremst ætlað að ná til faglegra ritstjórnarstarfa; til vinnubragða og

nr. 1/1992, þar sem segir: „Siðanefnd komst að þeirri niðurstöðu, með skírskotun til síðustu málsgreinar 5. greinar siðareglna blaðamanna, að mál þetta falli ekki undir verksvið nefndarinnar“. Einnig mál nr. 9/1992 þar sem segir: „Skoðanir sem settar eru fram í forystugreinum falla að dómi nefndarinnar undir síðustu málsgrein 5. greinar siðareglna, sam-anber fyrri úrskurði nefndarinnar þar um“. Einnig má nefna mál nr. 4/2004-05: „Siðanefnd fjallar ekki um leiðarskrif dagblaða eða annað efni sem sett er fram sem persónulegar skoðanir undir fullu nafni, sbr. 5. grein siðareglna BÍ“. Enn má nefna úrskurð máls nr. 5/2007-2008: „Framangreind kærð ummæli fela í sér dómgreindarskort. Hins vegar telur siðanefndin að ummælin séu sett fram sem persónuleg skoðun eða tjáning kærða sem hann eigi lögverndaðan rétt til en beri einnig ábyrgð á“.

Siðanefnd telur að Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins falli undir ritstjórnargrein í framan-greindum skilningi. Ekki standa efni til þess að hverfa frá fyrirbyggjandi túlkun 5. gr. siðareglna BÍ og er kæruefnið því utan við verksvið siðanefndar. Málinu er vísað frá.


Úrskurður

Máli 1/2017-2018 er vísað frá.

Björn Vignir Sigurpálsson,
Hjörtur Gíslason,
Friðrik Þór Guðmundsson,
Ásgeir Þór Árnason,
Jóhannes Tómasson.

afurða blaða- og fréttamanna, sem þeir standa að sem fagmenn á fjölmiðlum. Ritstjórnargreinar (leiðarar og ígildi þeirra), þar sem fram koma persónuleg viðhorf hafa með vísan til og túlkun á 5. grein siðareglna BÍ, talist vera utan verksviðs siðanefndar.

Nefna má í þessu sambandi mál



Kæru vísað frá

*Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands.
 Úrskurður í máli 2, 2017/2018.*

Kærandi:

Robert Spencer.

Kærði:

Sigríður Hagalín Björnsdóttir, fréttamaður á fréttastofu RÚV.

Kæruefni:

Viðtal Sigríðar við Robert Spencer.

Málsmeðferð

Kæran er dagsett þann 2. ágúst og var send með pósti á skrifstofu BÍ. Kæran barst siðanefnd 9. ágúst. Fjallað var um kærana á fundi siðanefndar þann 15. ágúst. Formaður nefndarinnar, Björn Vignir Sigurpálsson, vék

sæti og tók Jóhannes Tómasson sæti hans við meðferð málsins.

Umfjöllun

Hið kærða viðtal var sent út í tíu-fréttum RÚV þann 11. maí síðastliðinn, það er fyrir hartnær þremur mánuðum frá dagsetningu kærunnar. Því er kærufrestur útrunninn samkvæmt 6. grein siðareglna BÍ þar sem stendur:

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma.

Samkvæmt þessari reglu telst kæran ekki tæk og eru um það nokk-

ur fordæmi að málum sé vísað frá þar sem kærufrestur er útrunninn. Með bréfi umboðsmanns kæranda dagsettu 8. ágúst er óskað eftir undanþágu frá þessum tímaramma. Ákvæði 6. greinar siðareglna BÍ er fortakslaust og því ber siðanefnd að hafna beiðninni.

Úrskurður

Kæru 2, 2017/2018 er vísað frá.

*Reykjavík 15.08.2017,
 Hjörtur Gíslason,
 Ásgeir P. Árnason,
 Friðrik Þór Guðmundsson,
 Jóhannes Tómasson,
 Róbert H. Haraldsson.*

Kæru gegn RÚV vísað frá

Úrskurður í máli 3, 2017/2018

Kærandi:

Robert Spencer.

Kærði:

Sigríður Hagalín Björnsdóttir, fréttamaður á fréttastofu RÚV.

Kæruefni:

Endurbirting viðtals Sigríðar við Robert Spencer.

Málsmeðferð

Kæran er dagsett 30. ágúst 2017 og barst skrifstofu BÍ sama dag. Fjallað var um kærana á fundum siðanefndar 12. september, 3. október og 24. október 2017. Formaður nefndarinnar,

Björn Vignir Sigurpálsson, vék sæti og tók Jóhannes Tómasson sæti hans við meðferð málsins.

Umfjöllun

Með úrskurði siðanefndar í máli 2, 2017/2018, sem upp var kveðinn 15. ágúst 2017, var komist að þeirri niðurstöðu, að vísa yrði frá kæru kæranda á hendur kærðu vegna viðtals sem sent var út í tíu-fréttum RÚV 11. maí sl., með því að kæra kæranda í því máli hefði borist að liðnum kærufresti skv. 6. grein siðareglna. Hinn 19. ágúst 2017 var á heimasíðu RÚV birt frétt um þessa niðurstöðu siðanefndar og mátti þar jafnframt sjá hið kærða

viðtal í heild sinni með því að smella á tengingarhnaup, auk þess sem viðtalið var endursagt í íslenski þýðingu og vikið að tilteknu kærumáli kæranda til lögreglu, sem ekki er efni kæru þessarar. Undir fréttina á heimasíðunni er ritað: „Freyr Gígja Gunnarsson Fréttastofa RÚV.“

Siðanefnd telur að skýra beri áskilnað 1. mgr. 6. gr. siðareglna um kærufrest þannig að átt sé við fyrstu birtingu en þó verði að taka mið af heildarumfjöllun um mál í kærðum fjölmiðli ef síðari fréttir hafa að geyma ný efnisatriði, ítarlegri umfjöllun eða tilefnislausu endurtekningu, sbr. 3. mgr. 6. gr. Í hinni kærðu fréttuumfjöllun frá 19. ágúst sl. er megininntak

fréttarinnar úrskurður síðanefndar í fyrrgreindu máli. Vísað er til upprunalegu fréttarinnar og hún endursögd í íslenski þýðingu en engu er þar við bætt. Síðanefnd telur því skilyrði 1. mgr. 6. gr. um að kæra skuli berast innan 2ja mánaða frá birtingu ekki vera uppfyllt.

Að fenginni þeirri niðurstöðu eru ekki efni til að síðanefnd taki afstöðu til þess hvort kæru hafi réttilega verið beint gegn hinum kærða fréttamanni.

Róbert H. Haraldsson er ósammála þessari niðurstöðu meirihluta síðanefndar og skilar séráliti.

Sérálit

Síðareglur BÍ leggja enga kvöð á fjölmiðla til að fjalla um frávisun kæru líkt og gert er ef úrskurðað er um alvarlegt brot eða mjög alvarlegt brot fjölmiðils. Engu að síður er eðlilegt að frávisun síðanefndar BÍ sé rædd í viðkomandi fjölmiðli og öðrum fjölmiðlum. Í slíkri umfjöllun er einnig eðlilegt og jafnvel æskilegt að fjölmiðlar geri almenna grein fyrir hinni kærðu birtingu svo lesendur eða áhorfendur fái áttáð sig á samhenginu. Á hinn bóginn verður ekki séð að frávisun síðanefndar gefi fjölmiðli tilefni til að endurbirta hið kærða efni í heild sinni. Öðru nær, fjölmiðli má vera ljóst að slík endurbirting getur almennt séð verið viðkvæm og til þess fallin að

valda saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda sársauka eða vanvirðu. Fjölmiðli ætti a.m.k. að vera fullljóst að endurbirting á kærðu fréttafni er særandi fyrir tiltekna aðila (kærandi eða kærundur) þótt kæru hafi verið vísað frá vegna formgalla án efnislegrar umfjöllunar.

Við umfjöllun um frávisun verður að gera skarpan greinarmun á tilvísun í viðkomandi fréttafni eða stuttri, almennri endursögn á því annars vegar og endurbirtingu fréttafnisins í heild hins vegar eins og á við í þessu tilviki í síðari

fréttinni hjá RÚV. Af þeim sökum eru rök fyrir því að taka síðari kærana til efnislegrar meðferðar.

Í þessu séráliti er ekki lagt efnislegt mat á hvort kæra kæranda eigi við rök að styðjast eða hvort kærða hafi gerst brotleg við síðareglur BÍ. Á hinn bóginn er ljóst að öll efnisatriðin sem kærandi gerir athugasemd við í upphaflegri kæru sinni eru endurbirt í síðari fréttinni hinn 19. ágúst. Einnig er vert að benda á að RÚV hefur umgengist síðari fréttina sem sjálfstæða birtingu ekki bara með því að endurbirta viðtalið í heild sinni, ásamt áður óbirtri þýðingu á því, heldur einnig með því að leiðrétta endur-

birtinguna sérstaklega án þess að leiðrétta upphaflegu fréttina. Í þeirri leiðréttingu felst viss viðurkenning fjölmiðilsins á því að endurbirting fréttar getur falið í sér siðferðileg álitamál (m.a. vegna aukins sýnileika fréttarinnar) sem ekki vakna við tilvísun í frétt eða við stutta, almenna endursögn á efni hennar.

Ekki verður heldur séð að aðrar ástæður en málskotsfrestur séu til frávisunar í þessu máli. Kærandi hefur leitað leiðréttingar sinna mála hjá viðkomandi fjölmiðli og ljóst er af málflytningi hans að hann telur leiðréttingu RÚV ekki fullnægjandi. Telji síðanefnd að vafi leiki á þætti kærðu í endurbirtingu fréttafnisins getur síðanefnd samkvæmt ákvæðum 6. greinar litið svo á að „ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að“ málinu.

Úrskurður

Kæru 3, 2017/2018 er vísað frá með atkvæðum fjögurra nefndarmanna gegn atkvæði Róberts H. Haraldssonar.

Reykjavík, 24. október 2017,
Hjörtur Gíslason,
Ásgeir Þór Árnason,
Friðrik Þór Guðmundsson,
Jóhannes Tómasson,
Róbert H. Haraldsson.



Blaðamannaklúbburinn – góður staður til funda- eða veisluhalda

Salur Blaðamannafélags Íslands, **Blaðamannaklúbburinn**, er glæsilegur nýinnréttaður salur sem hentar vel til hvers kyns funda- eða veisluhalda. Salurinn rúmar allt að 100 manns í sætum við borð og hægt er að skipta salnum í tvennt ef um minni viðburði er að ræða. Glæsilegt þjónustuhús með öllu tilheyrandi fylgir salnum sem og snyrtiaðstaða.



Salurinn er á 3. hæð í Síðumúla 23 og í húsinu er lyfta.

Salurinn stendur félögum í Blaðamannafélaginu til boða gegn vægu gjaldi, en aðrir geta jafnframt tekið hann á leigu.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Síðumúla 23 og í sínum 553 9155 og 568 3155.

Pektu rétt þinn!

Grunnurinn. Kjarasamningar Bí eru grunnurinn að því sem greiða ber fyrir vinnu blaða- og fréttamanna á fjölmiðlum á Íslandi. Það þýðir að óheimilt er samkvæmt lögum að greiða minna en þeir kveða á um. Engin takmörk er á því hversu mikið meira má greiða.

Vinnutími. Vikulegur dagvinnutími blaða- og fréttamanna er 35-40 stundir. Vinnutíminn er styttri á vaktavinnudeildum en á dagvinnudeildum. Vinna umfram það er ávallt yfirvinna og ber að greiða sérstaklega fyrir hana.

Yfirvinna. Greitt er fyrir yfirvinnu með 1,0385% af dagvinnulaunum. Það þýðir til dæmis að yfirvinnutíminn kostar 3.635 kr. fyrir þann sem er á 350 þús. kr. taxtalaunum. Tíu yfirvinnutímar á viku eða 40 í mánuði kosta þar með 145.400 kr. í vinnulaunum. Lágmarkslaun í því tilvikum eru því 495.400 kr.

Hámarksvinnutími. Ekki er heimilt að vinna meira en 48 klukkustundir á viku að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

Rauðir dagar. Almennir frídagar á ári eru átta: Skírdagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstingningardagur, annar í hvítasunnu, frídagur verslunarmanna og annar í jólum. Vinna á þessum dögum er aukavinna og ekki greitt fyrir færri en fjóra tíma. Ef um vaktavinnu er að ræða kemur frídagur fyrir vinnu á þessum degi.

Stórhátíðardagar. Stórhátíðardagar á ári eru einnig átta: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jóladagur og gamlársdagur. Tvöföld yfirvinna er greidd á þessum dögum, ekki minna en átta tímar vegna fólks í dagvinnu. Vaktavinnuáður fær frídag og yfirvinnu.

Fastlaunasamningar. Mjög hefur færst í vöxt að að samið sé um ein laun fyrir starfið. Slíkir launasamningar hafa kallast fastlaunasamningar Hagkvæmni slíkra samninga fer algerlega eftir því hversu mikla yfirvinnu starfið innifelur. Það þýðir að þú þarft að fylgjast vel með yfirvinnutímum, svo laun verði ekki undir kjarasamningum. **Ekki vinna ókeypis. Það er bannað samkvæmt lögum og kjarasamningum.** Engum er skylt að vera á fastlaunasamningi og allir geta gert kröfu til að á vinna samkvæmt kjarasamningnum og fá greitt fyrir yfirvinnu.

Fastráðning. Blaðamenn eru fastráðnir eftir fjóra mánuði, óháð því hvort gerður er ráðningarsamningur eða ekki. Ef blaðamaður er fastráðinn strax frá byrjun eða áður en fjögurra mánaða starfstíma er náð er nauðsynlegt að það sé staðfest með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjú mánuðir, en uppsagnarfrestur á reynslutíma er ein vika.

Endurgreiddur kostnaður. Blaða- og fréttamenn fá endurgreiddan kostnað vegna starfs síns frá atvinnurekendum. Endurgreiddar eru áskriftir dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla, samtals kr. 10.500 á mánuði, símakostnaður 8.500 kr. á mánuði og nettenging og kostnaður vegna hennar samtals kr. 4.000. Samtals gera þetta 23.000 kr. en útgefandi getur látið einhver ofangreindra atriða í té á eigin kostnað og fellur þá kostnaðargreiðsla vegna þess niður.

Fyrirframgreidd laun. Blaðamenn eiga að fá fyrirframgreidd laun við fastráðningu.

Höfundarréttur. Blaðamenn eiga óskoraðan höfundarrétt að verkum sínum. Sérstakir höfundarréttarsamningar hafa verið gerðir á mörgum ritstjórnum, sem tryggja greiðslur fyrir framsal á höfundarrétti.

Orlof. Fyrir fjögur ár í starfi eiga blaðamenn 24 daga í sumarorlof á ári. Eftir fjögur ár fjölgar dögum í 27 jafnframt því sem heimilt er að geyma 5 daga og taka 10 að vetri, samanlagt 32 dagar í sumar- og vetrarorlof. Dögnum fjölgar í 29 (34) eftir 10 ár og 30 (35) eftir 18 ár.

3ja mánaða frí. Allir blaðamenn eiga rétt á 3ja mánaða leyfi að meðtöldu sumarleyfi eftir 5 ár í starfi og aftur eftir 10 ár og síðan á fjögurra ára fresti upp frá því.

Veikindaréttur. Veikindaréttur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjú mánuðir á fullum launum og þrjú mánuðir á hálfum laun-

um. Styrktarsjóður Bí greiðir sjúkradagpeninga þar til viðbótar í allt að eitt ár.

Tryggingar. Allir blaðamenn eru slysa- og líftryggðir í vinnu og í frítíma. Atvinnurekanda ber að sjá til þess. Tryggingabætur vegna andláts fara eftir fjölskylduáðstæðum og geta numið 6-12 milljónum þegar um fjölskyldumann er að ræða með börn.

Lífeyrisdögjöld. Blaða- og fréttamenn greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 4% af heildarlaunum. Til viðbótar greiðir atvinnurekandi 11,5% af heildarlaunum, þannig að samanlagt lífeyrissjóðsframlag er 15,5%.*

Séreignasjóður. Blaða- og fréttmenn geta greitt allt að 4% af heildarlaunum í séreignasjóð án þess að af því sé tekinn skattur. Atvinnurekandi greiðir 2% mótfamlag gegn að lágmarki 2% framlagi launamanns.

*Gildir frá 1. júlí 2018.

Hvað gerir félagið?

Hagsmunagæsla. Blaðamannafélag Íslands stendur vörð um stéttarlega og faglega hagsmuni blaðamanna í víðu samhengi og kemur fram fyrir hönd stéttarinnar gagnvart löggjafar- og framkvæmdavaldi.

Fjölmiðlun. Bí er með vefinn press.is og gefur út Blaðamanninn 1-2 sinnum á ári. Birgir Guðmundsson birgirg@unak.is er ritstjóri vefsins og Blaðamannsins.

Fagleg umræða. Bí heldur svonefnd pressukvöld öðru hverju þar sem fagleg málefni, sem efst eru á baugi hverju sinni, eru rædd ítarlega.

Lögfræðipjónusta. Lögfræðistofan LAG-lögmenn vinnur fyrir Blaðamannafélag Íslands og félaga þess þegar lögmennspjónusta er þörf.

Orlofshús. Félagið á tvö sumarhús í Brekku í Biskupstungum, raðhús á Akureyri og einbýlishús í Stykkishólmi, sem eru til afnota fyrir félagsmenn.

Endurmenntun. Á vegum Bí er rekinn endurmenntunar- og háskólasjóður, sem allir fullgildir félagsmenn geta leitað til um styrkveitingar til að sækja hvers kyns nám og námskeið hér á landi og erlendis í lengri og skemmri tíma.

Rannsókn- og verkefnastyrkir. Hægt er að sækja um sérstaka rannsókn- og verkefnastyrki þegar um er að ræða útgjalda- og eða tímafreka rannsóknvinnu

Styrktarsjóður. Styrktarsjóður greiðir niður kostnað vegna sjúkraþjálfunar, gleraugna, laseraðgerða, hjartaverndar, krabbameinskoðunar, sálfræðipjónustu, tannlækna, tæknifrjóvgunar o.fl. Hann greiðir einnig fæðingarstyrki í hlutfalli við lengd fæðingarorlofs og ættleiðingarstyrki

Alvarleg veikindi. Styrktarsjóður tryggir laun í allt að eitt ár að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum í alvarlegum slysa- og veikindatilfellum. Þá er hægt að sækja um styrki til sjóðsins þegar um mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu er að ræða.

Meningarsjóðsstyrkir. Menningarsjóður Bí veitir styrki þegar fullgildir félagsmenn eiga rétt á að fara í þriggja mánaða leyfi.

Síðanefnd. Á vegum Bí starfar síðanefnd sem almenningur getur leitað til telji hann á sig hallað í fjölmiðlum.

Alþjóðlegt samstarf. Bí er aðili að Alþjóðasambandi blaðamanna, Evrópusambandi blaðamanna og Samtökum norrænna blaðamannafélaga

Skrifstofa Bí. Skrifstofa Bí er að Síðumúla 23, 108 Reykjavík og er opin daglega milli 9 og 16. Þar starfa Hjálmar Jónsson, formaður/framkvæmdastjóri, hjalmar@press.is og Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri, jona@press.is. Sími á skrifstofu er 553 9155. Farsími formanns er 897 4098.

Mars 2018.

Félagaskrá BÍ

| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: | Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
|-----|----------------------------|--------------|------------|-------------------|-----|------------------------------|-------------------------|------------|-------------------|
| 1 | Elín Pálmadóttir | | 1/1/1951 | 1/1/1951 | 42 | Kjartan Stefánsson | | 9/11/1977 | 9/11/1977 |
| 2 | Matthías Johannessen | | 1/1/1951 | 1/1/1951 | 43 | Sigurður H. Hreiðarsson | | 9/6/1959 | 1/1/1977 |
| 3 | Jónas Kristjánsson | | 1/2/1961 | 1/2/1961 | 44 | Sævar Guðbjörnsson | LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS | | 7/11/1977 |
| 4 | Fríða Björnsdóttir | | 21/6/1961 | 1/10/1962 | 45 | Álfheiður Ingadóttir | | 1/6/1973 | 1/1/1979 |
| 5 | Bragi Guðmundsson | | 1/6/1962 | 1/6/1962 | 46 | Eiríkur Stefán Eiríksson | | 26/1/1978 | 26/1/1978 |
| 6 | Björn Sigurpálsson | | 15/10/1964 | 3/12/1965 | 47 | Heiður Helgadóttir | | 1/2/1978 | 1/2/1978 |
| 7 | Magnús Finnsson | | 1/4/1965 | 1/4/1965 | 48 | Kristinn Hallgrímsson | | 1/6/1977 | 1/6/1978 |
| 8 | Steinar J. Lúðvíksson | | 1/9/1965 | 1/9/1965 | 49 | Hulda Steinunn Valtýsdóttir | | | 1/9/1978 |
| 9 | Kári Jónasson | | 1/1/1962 | 1/1/1962 | 50 | Emilía Björg Björnsdóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 1/9/1974 | 2/10/1978 |
| 10 | Ingvi Hrafn Jónsson | | 1/1/1966 | 1/1/1966 | 51 | Guðlaugur Bergmundsson | | 1/3/1979 | 1/3/1979 |
| 11 | Freysteinn Jóhannsson | | 1/5/1967 | 1/5/1967 | 52 | Fríða Proppé | | 19/3/1979 | 19/3/1979 |
| 12 | Árni Johnsen | | 7/10/1967 | 1/12/1968 | 53 | Hilmar Karlsson | | 1/6/1979 | 1/6/1979 |
| 13 | Styrmir Gunnarsson | | 1/6/1965 | 12/4/1970 | 54 | Pórir Guðmundsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/5/1979 | 1/5/1979 |
| 14 | Kjartan Lárus Pálsson | | 1/6/1968 | 21/1/1971 | 55 | Valgerður P. Jónsdóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/1979 | 1/6/1979 |
| 15 | Sigtryggur Sigtryggsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/10/1970 | 1/10/1971 | 56 | Ellert B. Schram | | 1/1/1960 | 1/3/1980 |
| 16 | Gunnar Valberg Andrésón | FRÉTTABLAÐIÐ | 1/1/1967 | 6/4/1972 | 57 | Sveinn Kristján Guðjónsson | | 1/1/1973 | 1/5/1980 |
| 17 | Jóhannes Reykdal | | 1/8/1971 | 29/7/1972 | 58 | Anna Ólafsdóttir Björnsón | DATA MARKET | 3/5/1980 | 3/5/1980 |
| 18 | Úlfar Pormóðsson | | 14/7/1971 | 24/8/1972 | 59 | Eiríkur Jónsson | ÍSLENSK GETSPÁ | 1/5/1978 | 1/6/1980 |
| 19 | Sigurdór Sigurdórssón | | 1/1/1971 | 1/1/1973 | 60 | Hjörtur Gíslason | KVÓTINN.IS | 1/1/1976 | 1/6/1978 |
| 20 | Sigmundur Steinarsson | SPORTHAMAR | 1/5/1972 | 1/8/1973 | 61 | Kristján Már Unnarsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/9/1980 | 1/8/2002 |
| 21 | Arnór G. Ragnarsson | | 26/6/1974 | 26/6/1974 | 62 | Agnes Guðrún Bragadóttir | MORGUNBLAÐIÐ | 14/9/1980 | 14/9/1980 |
| 22 | Árni Jörgensen | | 1/6/1973 | 26/6/1974 | 63 | Valgerður Katrín Jónsdóttir | | 15/9/1981 | 15/9/1981 |
| 23 | Þorbergur Kristinnsson | | 1/3/1973 | 7/5/1974 | 64 | Jón Viðir Sigurðsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/9/1981 | 1/9/1981 |
| 24 | Árni Þórarinnsson | | 1/1/1971 | 19/9/1974 | 65 | Sigmundur Ernir Rúnarsson | HRINGBRAUT | 1/10/1981 | 1/10/1981 |
| 25 | María Ólafsdóttir | | 1/10/1972 | 14/1/1975 | 66 | Lúðvík Geirsson | | 1/3/1979 | 1/1/1982 |
| 26 | Sveinn Sigurðsson | | 1/1/1973 | 1/2/1975 | 67 | Guðjón S. Sveinbjörnsson | | | 1/3/1982 |
| 27 | Hilmar Pétur Pormóðsson | | 1/5/1969 | 10/5/1975 | 68 | Hjálmar Jónsson | BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS | 18/5/1982 | 18/5/1982 |
| 28 | Pórir Þorsteinsson | | 1/1/1975 | 20/5/1975 | 69 | Jón Baldvin Halldórsson | | 1/6/1981 | 1/6/1982 |
| 29 | Atli Magnússon | | 1/1/1974 | 20/5/1975 | 70 | Skapti Hallgrímsson | MORGUNBLAÐIÐ | | 1/7/1982 |
| 30 | Stefán Friðbjarnarson | | 1/8/1974 | 20/5/1975 | 71 | Páll Stefánsson | | 1/7/1982 | 1/7/1982 |
| 31 | Ágúst Ingi Jónsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/1972 | 20/5/1975 | 72 | Magnús Sigurðsson | | | 1/10/1982 |
| 32 | Ásgeir Tómasson | | 1/9/1975 | 1/9/1975 | 73 | Fríðrik Þór Guðmundsson | | 1/7/1982 | 1/1/1983 |
| 33 | Borghildur Anna Jónsdóttir | | 1/1/1972 | 1/10/1975 | 74 | Valþór Hlöðversson | ATHYGLI EHF. | 1/1/1982 | 1/1/1983 |
| 33 | Ómar Andersen Valdimarsson | | 1/6/1969 | 1/9/1975 | 75 | Páll Hilmar Ketilsson | | | 1/1/1983 |
| 34 | Ragnar Guðni Axelsson | MORGUNBLAÐIÐ | 15/1/1976 | 15/1/1976 | 76 | Árni Sæberg Kristjánsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/2/1983 | 1/2/1983 |
| 35 | Gunnar E. Kvaran | ATHYGLI EHF | 1/5/1976 | 1/5/1976 | 77 | Guðmundur Sveinn Hermannsson | MORGUNBLAÐIÐ | 30/5/1983 | 30/5/1983 |
| 36 | Jóhannes Tómasson | | 20/6/1976 | 20/6/1976 | 78 | Helgi Bjarnason | MORGUNBLAÐIÐ | 1/7/1982 | 2/6/1983 |
| 37 | Guðjón P. Arngrímsson | | 14/9/1976 | 14/9/1976 | 79 | Óli Örn Andreassen | | 1/1/1976 | 1/7/1983 |
| 38 | Gísli Sigurgeirsson | | 1/9/1976 | 1/9/1976 | 80 | Aðalsteinn Ingólfsson | | 1/9/1978 | 1/9/1983 |
| 39 | Gróa Ormsdóttir | | 9/1/1976 | 9/1/1976 | 81 | Eygló Stefánsdóttir | | 1/1/1977 | 1/4/1984 |
| 40 | Jónas Haraldsson | | 9/4/1977 | 9/4/1977 | 82 | Júlíus Sigurjónsson | | 1/5/1984 | 1/5/1984 |
| 41 | Ragnar Thor Sigurðsson | | 1/12/1975 | 1/6/1977 | 83 | Sigurður Friðbjófsósson | | 1/5/1984 | 1/5/1984 |



| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: | Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
|-----|--------------------------------|--------------------------|------------|-------------------|-----|---------------------------------|---------------------------|------------|-------------------|
| 84 | Kristín Gunnarsdóttir | | 1/6/1984 | 1/6/1984 | 132 | Margrét Þóra Þórsdóttir | | 1/6/1983 | 1/6/1988 |
| 85 | Anna Hólmfríður Yates | | 1/5/1984 | 1/5/1984 | 133 | Þorfinnur Ómarsson | | | 1/7/1988 |
| 86 | Guðmundur Ólafur Ingvarsson | | 1/6/1984 | 1/6/1984 | 134 | Björn Leósson | | | 1/7/1988 |
| 87 | Mörður Árnason | | 1/6/1984 | 1/6/1984 | 135 | Kristján Sigurjónsson | | | 1/8/1988 |
| 88 | Ásdís Haraldsdóttir | | 12/6/1984 | 12/6/1984 | 136 | Guðlaug Konráðsdóttir | | 1/9/1988 | 1/9/1988 |
| 89 | Árni Þórður Jónsson | ATHYGLI EHF | 1/6/1984 | 1/6/1984 | 137 | Stefán Ásgrímsson | | 1/9/1988 | 1/9/1988 |
| 90 | Guðbjörg R. Guðmundsdóttir | GRUND | 1/6/1980 | 1/7/1984 | 138 | Sigrún Soffía Hafstein | VERKFRÆDINGAFÉLAG ÍSLANDS | 10/10/1988 | 10/10/1988 |
| 91 | Þorsteinn J. Vilhjálmsson | | 8/8/1984 | 8/8/1984 | 139 | Lúðvík Örn Steinarsson | | 1/8/1988 | 1/3/1989 |
| 92 | Rúnar Ármann Arthúrsson | | 1/1/1973 | 1/9/1984 | 140 | Hilmar Bragi Bárðarson | VÍKURFRÉTTIR | | 1/7/1989 |
| 93 | Jóhanna Árný Ingvarsdóttir | | 1/9/1984 | 1/9/1984 | 141 | Ásgeir Friðgeirsson | | 1/8/1989 | 1/8/1989 |
| 94 | Valur Benedikt Jónatansson | | 1/1/1985 | 1/1/1985 | 142 | Hulda Gunnarsdóttir | | 1/9/1989 | 1/9/1989 |
| 95 | Gullveig T. Sæmundsdóttir | | 1/1/1985 | 1/1/1985 | 143 | Þorgeir Lawrence | | 1/10/1989 | 1/10/1989 |
| 96 | Anna Kristine Magnúsdóttir | | 1/3/1977 | 1/1/1985 | 144 | Valtýr Björn Valtýsson | SPORTTV | 1/11/1989 | 1/11/1989 |
| 97 | Birgir Guðmundsson | | 15/1/1985 | 15/1/1985 | 145 | Guðmundur O. Hilmarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/11/1989 | 1/11/1989 |
| 98 | Edda Guðrún Andrésdóttir | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | | 1/3/1985 | 146 | Jón Birgir Pétursson | | 1/6/1957 | 15/1/1990 |
| 99 | Jón Guðmar Hauksson | | 1/5/1982 | 1/2/1985 | 147 | Elín Sveinsdóttir | | | 1/2/1990 |
| 100 | Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir | | 1/3/1984 | 1/4/1985 | 148 | Björn Jóhann Björnsson | MORGUNBLAÐIÐ | | 1/3/1990 |
